

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands
ÁRSSKÝRSLA 2022



Útgefandi: Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Umsjón: Birna Gunnarsdóttir

Prófarkalestur: Pétur Ástvaldsson

Útlit og umbrot: Helgi Hilmarsson

Ljósmyndarar: Arna Silja Jóhannsdóttir, Arnar Þór Egilsson, Björgvin Valur Sigurðsson, Brigitte Ellerbrock, Caroline Haas, Charla Basran, Dagrún Ósk Jónsdóttir, Ellen Magnúsdóttir, Ester Sigfúsdóttir, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson, Haraldur L. Haraldsson, Harpa Rún Ásmundsdóttir, Hermann Dreki Guls, Isabella Reeves, Jamie Carroll, Jón Einar Jónsson, Jón Jónsson, Knut Paasche, Kristinn Ingvarsson, Lilja Jóhannesdóttir, Mara Havinga, María Glarou, Marianne H. Rasmussen, María Helga Guðmundsdóttir, Michelle Dutro, Michelle Valliant, Nicholai Xuereb, Paul Wensveen, Rannveig Þórhallsdóttir, Sandra Dögg Georgsdóttir, Skúli Gautason, Sæunn Stefánsdóttir, Theresa Henke, Tómas Gréтар Gunnarsson, Unnur Birna Karlsdóttir og Þorvarður Árnason
Reykjavík 2023



EFNISYFIRLIT

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands	4
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði	6
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi	10
Starfsemi í Vestmannaeyjum	13
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum	16
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi	20
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum	22
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofa	26
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra	30
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík	31
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi	34
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Breiðdalsvík	36



STOFNUN RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS

Sem fyrr er markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands að stuðla að rannsóknum og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera um leið vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélag setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin sitt af mörkum við að efla tengsl Háskóla Íslands við atvinnulíf og samfélag. Rannsóknaviðfangsefni setranna eru afar fjölbreytt en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði, fornleifafræði, þjóðfræði og jarðfræði.

Tíu rannsóknasetur eru starfrækt um landið, á Hornafirði, Suðurlandi, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Ströndum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi og Breiðdalsvík. Og þá er einnig starfsemi á vegum stofnunarinnar í Vestmannaeyjum. Á árinu var unnið að undirbúningi stofnunar Rannsóknaseturs HÍ í Þingeyjarsveit en setrinu er ætlað að stunda rannsóknir á sviði umhverfishugvísinda.

Þótt rannsóknir séu meginþungi í starfsemi rannsóknasetrana koma akademískir starfsmenn rannsóknasetrana flestir að kennslu, fyrst og fremst með leiðbeiningu framhaldsnema. Þá eru haldin sérhæfð vettvangsnámskeið við nokkur rannsóknasetrana auk þess sem starfsfólk setranna tekur þátt í kennslu í fleiri námskeiðum deilda háskólans.

Rík áhersla er á virka þátttöku í samfélagi og atvinnulífi í starfsemi rannsóknasetrana. Hvort sem það er með rannsóknum á brýnum viðfangsefnum samtímans, eins og loftslagsmálum, með samstarfi við önnur skólastig eða miðlun rannsókna og þekkingar. Miðlunin er með ýmsum hætti, fyrir utan birtingar í vísindatímaritum og fyrirlestra- og ráðstefnuhald leggja rannsóknasetrin áherslu á fjölbreyttar miðlunarleiðir til almennings. Rannsóknasetur HÍ á Austurlandi átti t.d. frumkvæði að nýrri fyrirlestraröð undir yfirskriftinni „Nýjustu fræði og vísindi á Austurlandi“ í samstarfi við stofnanir á svæðinu. Rannsóknasetur HÍ á Ströndum gaf út bók á árinu með Sauðfjársetrinu, Myndir og minningar á Ströndum, og stóð fyrir þriggja kvöld námskeiði fyrir almenning á Hólmavík: Heimildir um fjölskyldusögu og ritun endurminninga, sem tengist rannsóknum setursins á dagbókum

fyrri tíma á Ströndum. Stofnun rannsóknasetra HÍ tók einnig þátt í Vísindavöku sem Rannís stóð fyrir í september sl. með myndarlegum hætti.

Sem dæmi um samstarf við önnur skólastig fengu nemendur í efstu bekkjum Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla að kynna jarðfræði heimabyggðar sinnar í mars, bæði með tilraunum og vettvangsferð með Rannsóknasetri HÍ á Breiðdalsvík. Rannsóknasetur HÍ á Húsavík hafði frumkvæði að verkefninu Arctic Sense, sem styrkt er af Nordplus og Samfélagsvirkni-sjóði HÍ en markmið þess er að búa til kennslufni fyrir börn með aðstoð sýndarveruleika. Þrír skólar, á Húsavík, í Danmörku og Noregi, taka þátt í verkefninu, auk Hvalasafnsins á Húsavík, Norðursjávarsafnsins í Danmörku og Hvalsafari Andenes í Noregi.

Rannsóknastöðin Auga Solanders (Solander's Eye) sem staðsett er á Breiðamerkursandi var opnuð í september og mun hún safna fjölbreyttum upplýsingum um þær breytingar sem verða smám saman á landsvæði sem er nýkomið undan jökli. Rannsóknastöðin er þverfræðilegt verkefni á vegum Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði í samvinnu við vísindamenn innan og utan háskólans auk sænska sendiráðsins og IK Foundation. Gögnin sem safnað verður munu veita dýrmæta innsýn inn í þær miklu breytingar sem eru að verða á Breiðamerkursandi í kjölfar hraðrar hopunar Breiðamerkurjökuls. Gögnin verða opin og aðgengileg öllum áhugasömum (undir Creative Commons leyfi) og hluti þeirra, ekki síst myndefni, er þegar aðgengilegur í [beinu streymi](#).

Starfsemi rannsóknasetrana gekk vel á árinu. Starfsmenn voru 61 talsins í rúmlega 34 stöðugildum á árinu 2022. Tuttugu og tveir voru í fullu starfi allt árið og 11 til viðbótar í hlutastarfi allt árið, verkefnastjórar, nýdoktorar og doktorsnemar. Flest störf við setrinu eru fjármögnuð af styrkjum úr rannsóknasjóðum en einnig voru ráðnir stúdentar í sumarstörf með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Fjármögnun gegnir veigamiklu hlutverki við eflingu rannsókna og nýsköpunar hjá rannsóknasetrum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Sértekkur, eins og í formi rannsóknastyrkja, hafa lengi verið verulegur hluti af heildartekjum stofnunarinnar og var

Það einnig svo 2022. Sem dæmi má nefna að vísindamenn rannsóknasetranna fengu úthlutað þremur styrkjum úr Rannsóknasjóði Íslands, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Vestfjörðum, Tómas G. Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi, og Jose Augusto Belchior Alves, gestafræðimaður við Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi, fengu öll úthlutað verkefnastyrkjum til þriggja ára. Aukin framlög sveitarfélaga til starfsemi einstakra setra hafa einnig skipt miklu máli og stuðningur sem þessi er starfsemi setranna afar mikilvægur. Mikilvægt er að treysta enn rekstur rannsóknasetranna til að gera þeim kleift að ná að fjölga fastráðnu fólki, efla innviði og þar með styrkja enn frekar starfsemi setranna. Stofnunin hefur sett sér það markmið að frá og með 2026 verði tveir fastráðnir starfsmenn á hverju setri.

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands 2022 var Sæunn Stefánsdóttir. María Stefánsdóttir verkefnisstjóri sem annaðist stjórnslustörf og fjármálaumsjón fyrir stofnunina lét af störfum í júní og Birna Gunnarsdóttir tók við starfi verkefnisstjóra í september. Ráðgefandi nefnd var skipuð þeim Guðmundi Hálfðanarsyni, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild HÍ, sem var formaður, Jörundi Svavarssyni, prófessor við Líf- og umhverfivísindadeild HÍ, Guðrúnu Á. Jónsdóttur, fulltrúa háskólanáms og rannsókna hjá Austurbrú, Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur, forstöðumanni Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og Halldóri Pálmarí Halldórssyni, forstöðumanni Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum. Nefndin fundaði sjö sinnum á árinu. Undir lok árs skipaði rektor Snæbjörn Pálsson, prófessor við Líf- og umhverfivísindadeild HÍ, í nefndina í stað Jörundar Svavarssonar sem lét af störfum við Háskóla Íslands á árinu.



Jörundur Svavarsson var formaður ráðgefandi nefndarinnar frá því hún var sett á laggirnar í byrjun árs 2014 en áður hafði hann setið í stjórn Stofnunar fræðasetra HÍ frá stofnun hennar árið 2003. Jörundur var frá upphafi lykilmáður í starfsemi stofnunarinnar og uppbyggingu hennar og því er fagnaðarefni að þótt störfum fyrir Háskóla Íslands sé formlega lokið heldur Jörundur áfram leiðbeiningu doktorsnema og rannsóknasamstarfi við Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum. Stofnun rannsóknasetra færir honum bestu þakkir fyrir ómetanlegt framlag hans til rannsóknasetra Háskólans.

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra 2022 var haldinn á Höfn 23. mars 2022 og þá um leið var efnt til málþings til að fagna 20 ára starfsafmæli setursins á Hornafirði. Var fundurinn vel sóttur. Áfram var unnið að framgangi stefnu Háskóla Íslands til 2026, HÍ26, á árinu.

Starfsemi rannsóknasetranna hefur eflst á undanförunum árum og sannað gildi sitt við eflingu rannsókna, háskóla- og atvinnustarfsemi víða um land og aukið tengsl skólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Ólíka mælikvarða má leggja á slíkan árangur. Sem dæmi um stuðning samfélaga við starfsemi setranna sem er ómetanlegur má nefna að þegar bátur Rannsóknaseturs HÍ á Snæfellsnesi bilaði við upphaf sumarmælinga á æðar-fuglum komu heimamenn til hjálpar og sigldu með vísindafólk setursins til og frá merkingastöðum. Slíkur stuðningur er okkur mikils virði.

Sæunn Stefánsdóttir

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands Mars 2023






RANNSÓKNASETUR HÍ Á HORNAFIRÐI

Fastráðnir starfsmenn voru dr. Þorvarður Árnason, forstöðumaður og fræðimaður og dr. Soffía Auður Birgisdóttir, vísindamaður, en hún fékk framgang í starfi árið 2022. Aðrir starfsmenn voru verkefnastjórnarnir dr. Johannes Welling, í fullu starfi, og David Ostman, dr. Kieran Baxter nýdoktor og dr. Alice Watterson rannsóknamaður, öll í hlutastörfum. Þá vann Arndís Ósk Magnúsdóttir sem sumarstarfsmaður í verkefni sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Doktorsnemarnir Mariana Ungureanu frá Frakklandi og Nina Vurdelja frá Finnlandi fengu jafnframt vinnuástöðu á setrinu um tíma.

Meginrannsóknasvið setursins voru sem fyrr umhverfis-, loftslags- og ferðamál ásamt bókmenntum og menningu. Helstu verkefni ársins voru *Fjölskyldubréf og saga systra* – kynjafræði- og ævisöguleg rannsókn, *Rannsóknir á íslenskum nútímabókmenntum*, og tvö tengd verkefni í ferðamálum: *Scientific Tourism* (SCITOUR, styrkt af NPA) og *Þróun vísindaferðaþjónustu* (styrkt af Loftslagsjóði), en því fyrrnefnda lauk á árinu. Auk þess tók Johannes Welling þátt í forverkefninu *Tourism360*. Áfram var unnið

að þróun sjónrænna aðferða við rannsóknir og vísindamiðlun um áhrif hnattrænna loftslagsbreytinga, sem er meginviðfangsefnið í rannsóknnum Kierans Baxters, og bættist setrinu góður liðsauki þegar Alice Watterson tók þar til starfa undir lok ársins. Vinnu var fram haldið við verkefnið *Breiðamerkurjökull 2121*. Þorvarður, Soffía Auður og Kieran tóku öll þátt í verkefninu *FÓLEGO* sem Uppbyggingarsjóður EES og Noregs styrkir; samstarfsaðilar eru í Portúgal og snýst verkefnið um þróun á framvirkni hlutverki listsýninga og safna varðandi upplýsingamiðlun um áhrif loftslagsbreytinga. Um haustið var svo sjálfvirka rannsóknastöðin *Auga Solanders* gangsett; hún er á Breiðamerkursandi og hefur rannsóknasetrið umsjón með henni fyrir hönd Háskóla Íslands.

Þorvarður leiðbeindi tveimur doktorsnemum og einum meistaranema auk þess sem einn nýdoktor starfaði við setrið. Þá var hann prófdómari tveggja meistara verkefna. Þorvarður hafði umsjón með árlegu vettvangsnámskeiði um *Stjórnun friðlýstra svæða* og annaðist einnig stundakennslu í námskeiðinu *Umhverfisfræði*. Setrið tók á móti þremur erlendum nema-



hópum, frá GRÓ-GEST, University of Pennsylvania og Susquehanna University. Soffía Auður er einn af ritstjórum bókmenntavefjarins www.skald.is og átti einnig sæti í dómnefndum um Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og ljóðabókaverðlaunin Maístjórnum. Þá sat hún tvisvar í valnefndum vegna ráðningar í lektorsstöður við Fróðskaparsetur Færeyja. Soffía Auður hlaut tilnefningu til Íslensku þýðingaverðlaunanna vegna þýðingar sinnar á *Útlínum liðins tíma* eftir Virginíu Woolf. Þorvarður var formaður skólafundar Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu.

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra 2022 var haldinn á Höfn og þá um leið efnt til mállþings til að fagna 20 ára starfsafmæli setursins á Hornafirði. Þrjú önnur fræððæping voru haldin á vegum setursins á árinu: Ráðstefnan *Eldgos í bókmenntum, listum og lífinu* og mállþing *Samtal um sjálfsævisögur og Heimsendir án gríns* en hið síðarnefnda var liður í vísindavöku Rannís. Þá var Þorvarður einn af skipuleggjendum alþjóðlegrar ráðstefnu á vegum FÓLEGO verkefnisins og samstarfsnetsins APHELEIA sem fram fór í Portúgal. Alþjóðlegu sjónvarpsstöðvarnar CNN og VICE News birtu viðtöl við Þorvarð á árinu, svo og kínverski fréttamiðillinn *Chengdu Economic Daily*. Soffía Auður flutti fimm fyrirlestra á árinu, þar af einn á alþjóðlegri ráðstefnu, og Þorvarður fjórtán, þar af þrjú á alþjóðlegum ráðstefnum.





ÚTGÁFA

- Arndís Ósk Magnúsdóttir og Þorvarður Árnason (2022). *Ungt fólk og útsýnið á loftslagsbreytingar*. Lokaskýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna.
- Guðný Gústafsdóttir og Þorvarður Árnason (2022). *Verðmæti og vernd náttúru Íslands*. Höfn: Rannsóknasetrið á Hornafirði.
- Jonathan Bussard, Emmanuel Salim og Johannes Welling (2022). „Visiter les glaciers, une forme de géotourisme? Les cas du Montanvers (Mer de Glace, France) et de Jökulsárlón (Breiðamerkurjökull, Islande)“. *Géoparimaines et territoires*, nr. 14, bls. 139-156.
- Michaël V. Bishop, Rannveig Ólafsdóttir og Þorvarður Árnason (2022). „Tourism, Recreation and Wilderness“. *Land* 2022, 11(2), 242; <https://doi.org/10.3390/land11020242>
- Soffía Auður Birgisdóttir (2022). *Útlínur liðins tíma* eftir Virginiu Woolf, ásamt skýringum og eftirmála. Una útgáfuhús.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2022). „Leið fræðimannsins til skáldskaparins. Um bækur Sigrúnar Pálsdóttur“. *Tímarit Máls og Menningar*, 3. hefti 2022, bls. 36-52.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2022). „Tilurð skálds og fagurfræðileg aðferð. Línur í lófa eftir Þóru Jónsdóttur“. *Són, tímarit um ljóðlist og óðfræði*, 20. árg., bls. 75-94.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2022). „Fjár sjóður úr fórum Skáld-Guðnýjar“. *Glettingur*, 32. árg. 1. tbl. 2022, bls. 45-47.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2022). „Saga Sindra“. *Eystrahorn*, 40. árg. 45. tbl., bls. 24.
- Þorvarður Árnason. „Auga Solanders: Rannsóknastöð á Breiðamerkursandi“. *Eystrahorn*, 40. árg. 45. tbl., bls. 27.


RITDÓMAR


- Soffía Auður Birgisdóttir (2022). „Halló, þú gamli sársauki. Ritdómur um Óskilamuni eftir Evu Rún Snorradóttur“. *Tímarit Máls og menningar*, 4. hefti 2022, bls. 134-138.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2022). „Kærleikurinn þverar tíma og rúm.“ Rit-

- dómur um Stórsæ stjarnfræðileg fyrirbæri – og önnur málefni hjartans eftir Eyrúnu Ósk Jónsdóttur. Birt á Skáld.is 14. des. 2022: <https://skald.is/ritdomar/191-kaerleikurinn-thverar-tima-og-rum>
- Soffía Auður Birgisdóttir (2022). „Opnað fyrir kvenlegu rásina.“ Ritdómur um humm eftir Lindu Vilhjálmssdóttur. Birt á Skáld.is 7. des. 2022: <https://skald.is/ritdomar/185-opnad-fyrir-kvenlegu-rasina-humm>
- Soffía Auður Birgisdóttir (2022). „Falleg, heimspekileg saga fyrir börn.“ Ritdómur um barnabókina Með vindinum liggur leiðin heim eftir Auði Þórhallsdóttur. Birt á Skáld.is 10. des. 2022: <https://skald.is/ritdomar/187-falleg-heimspekileg-saga-fyrir-born>
- Soffía Auður Birgisdóttir (2022). „Ferðalag Sólrúnar.“ Ritdómur um skáldsöguna Sólrúnu eftir Sigurlín Bjarneyju Gísladóttur. Birt á Skáld.is 5. des. 2022: <https://skald.is/ritdomar/162-ferdalag-solrunar>
- Soffía Auður Birgisdóttir (2022). „Núrímakonur í sigildu hlutverki.“ Ritdómur um ljóðabókina Eftirvænting eftir Ragnheiði Hörpu Leifsdóttur og Þóru Hjörleifsdóttur, birt á Skáld.is, 10. september 2022: <https://skald.is/ritdomar/9-nutimakonur-i-sigildu-hlutverki-eftrivaenting>
- Soffía Auður Birgisdóttir (2022). „Hún er komin stelpa og segir frá.“ Ritdómur um skáldsöguna Efnidir og ljóðabókina Brot úr spegilflísu eftir Þórhildi Ólafsdóttur. Birt á Skáld.is 20. feb. 2022: <https://skald.is/ritdomar/12-hun-er-komin-stelpan-og-segir-fra-efndir-og-brot-ur-spegilflisum>
- Soffía Auður Birgisdóttir (2022). „Að jafna sig á feðravelðinu.“ Ritdómur um skáldsöguna Meydómur eftir Hlín Agnarsdóttur. Birt á Skáld.is 12. jan. 2022: <https://skald.is/ritdomar/13-ad-jafna-sig-a-fedraveldinu-meydomur>
- Soffía Auður Birgisdóttir (2022). „Að mykja vitundina.“ Ritdómur um skáldsöguna Borg bróður míns eftir Kristínu Ómarsdóttur. Birt á Skáld.is 1. jan. 2022: <https://skald.is/ritdomar/20-ad-mykja-vitundina-borg-brodur-mins>

RITSTJÓRN

- Soffía Auður Birgisdóttir (2021). Ritstjórnarmeðlimur bókmenntavefsins *Skáld.is*, sjá <https://www.skald.is/>







RANNSÓKNASETUR HÍ Á SUÐURLANDI

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi er á Laugarvatni. Starfslið setursins eru tveir fastráðnir starfsmenn, Böðvar Þórisson verkefnastjóri og Tómas Grétar Gunnarsson forstöðumaður. Gestavísindamaður, tveir nýdóttarar, þrír doktorsnemar, meistaranemi, nýsköpunarsjóðsnemi og sumarstarfsmenn störfuðu einnig við setrið á árinu 2022. Allnokkrir erlendir framhaldsnemar og vísindamenn sem eru í samstarfi við setrið heimsóttu einnig á árinu.

Við rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á landnotkun og vistkerfum. Meginstef í rannsóknunum er uppbygging þekkingar sem nýtist til að spá fyrir um áhrif fjölbreyttra

gerða landnotkunar á líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi. Slík þekking verður æ mikilvægari eftir því sem möguleikar á nýtingu lands verða fjölbreyttari og þrýstingur á notkun lands eykst. Mikill skortur er á upplýsingum um tengsl landnotkunar og náttúruvafars á Ísland en þær nýtast til að stuðla að sjálfbærum lífsháttum og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar á sviði auðlindanýtingar og náttúruverndar. Við setrið eru einnig stundaðar grunnrannsóknir á stofnstjórnun farfugla en Ísland er afar heppilegur vettvangur til slíkra rannsókna. Farfuglar eru gjarnan einnig viðfangsefni rannsókna okkar á áhrifum landnotkunar á lífríki.

Auk þess að skipuleggja og stjórna tímabundnum verkefnum, einkum






nýðkorta og framhaldsnema, eru einnig rekin langtímaverkefni við setrið. Uppbygging langtímarannsókna á landvistkerfum hefur staðið yfir frá 2011 en markmið þeirra er að geta í framtíðinni skýrt betur drifkrafta landbreytinga og áhrif þeirra á landvistkerfi og lífsgæði. Rannsóknir á heimsvísu sýna að langtímarannsóknir eru bæði líklegri til að styðja við stefnumótun í auðlindanýtingu en skemmri rannsóknir og niðurstöður þeirra eru að auki líklegri til að rata í virt vísindarit. Böðvar Þórisson hefur umsjón með langtímaverkefnum, skipuleggur útivinnu og viðheldur gagnagrunnum og tekur auk þess þátt í flestum verkefnum setursins. Gagnasettin sem aflað er með langtímarannsóknum gegna æ mikilvægara hlutverki í starfi setursins. Bæði sýna þau hvernig viðamiklar breytingar eru að eiga sér stað á íslenskum landvistkerfum en einnig styðja þau vel við tímabundin verkefni framhaldsnema og nýðkorta sem geta aukið yfirsýn sína með notkun þeirra og varpað skýrara ljósi á skammvinnari verkefni sín.

Aldís Erna Pálsdóttir doktorsnemi varði doktorsritgerð sína með sóma í júní. Andmælendur voru dr. David Douglas, frá Konunglega breska fuglaverndarfélaginu, og prófessor Ása L. Aradóttir, frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Rannsóknir Aldísar fjölluðu um áhrif mannvirkja og skógarjaðra á fuglastofna á láglandi en þessar gerðir landnotkunar færast mjög í vöxt og hafa mögulega veruleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni á Íslandi og á möguleika Íslendinga til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar á sviði náttúruverndar. Aldís birti tvær vísindagreinar úr doktorsnámi sínu á árinu 2022 og fleiri eru á leiðinni. Önnur fjallaði um áhrif skógræktar á íslenska

mófuglastofna en hin um áhrif loft(raf)lína á þéttleika fugla í úthaga. Skógarannsóknirnar sýna að auk þess sem flestir mófuglar tapa þeim búsvæðum sem fara undir skóg þá verpa flestir mófuglar í lægri þéttleika nær skógum. Áhrif skóga á fuglalíf ná því langt út fyrir skógana. Mikilvægt er að taka tillit til þessa við skipulag og náttúruvernd ef vernda á mófuglastofna samhliða aukinni skógrækt. Áhrif loftlína á fugla eru nokkur. Heildarþéttleiki fugla er lægri nær loftlínunum en fjær og þessi áhrif eru einnig til staðar fyrir spóa og stelk. Ef loftlínur eru lagðar um langa vega um gróið land þá geta heildaráhrif þeirra á þéttleika fuglastofna verið það mikil að ástæða er til að taka tillit til þeirra.

Maite Cerezo doktorsnemi stundar rannsóknir á tengslum varppéttleika og stofnvistfræði hjá fuglum en þessi tengsl stýra áhrifum umhverfisbreytinga á stofna. Spóinn er viðfangsefni Maite. Hún hefur lokið útivinnu og vinnur að doktorsritgerð. Sölvi Rúnar Vignisson doktorsnemi rannsakar stjórnun á farhátum fugla, einkum hvernig atburðir í æsku hafa áhrif á einstaklinga á fullorðinsárum og á stofna farfugla, en viðfangsefni hans er íslenski tjaldastofninn. Sölvi hefur að mestu lokið útivinnu og vinnur að smíði doktorsritgerðar. Aron Alexander Þorvarðarson meistaranemi rannsakar þætti sem stjórna því hversu mikið er af fuglum í mismunandi votlendi, einkum hver áhrif stærðar votlendisbletta eru á þéttleika fugla. Hann hefur lokið útivinnu og vinnur að meistara ritgerð.

José Alves, vísindamaður við Háskólann í Aveiro í Portúgal, hefur starfað við setrið á sumrin í allmörg ár en hann kemur að fjölbreyttum rannsóknum á Íslandi og erlendis og að leiðbeiningu framhaldsnema. Hann starfaði





einkum við rannsóknir á stofnvistfræði tjalda á árinu 2022 en verkefnisstyrkur fékkst frá Rannís til að vinna að verkefninu ári fyrir. Veronica Méndez rannsóknasérfræðingur kom aftur til starfa við setrið á árinu 2022 eftir nokkurt hlé. Hún vinnur að stofnrannsóknum á farfuglum, einkum tjöldum, en tekur einnig þátt í fjölda annarra verkefna við setrið og leiðbeiningu framhaldsnema.

Camilo Carneiro vann áfram að nýdoktorsverkefni sínu sem hlaut styrk frá Rannís árinu fyrir. Verkefni hans snýst um að tengja fæðuframboð og veðurfar við þroska unga og varpárangur og farhætti spóa. Í rannsóknunum felast meðal annars viðamiklar mælingar á þroska og þéttleika krækiberja, mælingar á fjölda og flugtríma smádyra og vexti spóaunga. Rannsóknirnar eru þannig sannkallaðar vistkerfisrannsóknir þar sem tengsl nokkurra mismunandi þátta vistkerfis eru könnuð.

Tveir nýir styrkir fengust úr rannsóknasjóði Rannís á árinu til viðbótar við þá tvo sem eru fyrir. Annað verkefnið fjallar um áhrif landnotkunar og loftslags á varpárangur mófugla. Aldís Erna Pálsdóttir tók við nýdoktorsstöðu við verkefnið á árinu. Hitt verkefnið miðar að því að búa til hnattrænan gagnagrunn um ferðir vaðfugla sem raktar hafa verið með rafeindatækjum og að nota grunninn til að styrkja vernd vaðfugla og rannsóknir á þeim á heimsvísu. Vaðfuglastofnar standa almennt illa á heimsvísu og Íslendingar bera meiri ábyrgð á nokkrum stofnum en aðrar þjóðir vegna stofnstærða hér. Þá hlaut styrkur úr Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar til rannsókna á snjóttillingum og fleiri fuglum á hálendinu.

Tvær nefndir sem forstöðumaður átti sæti í luku starfi sínu á árinu. Verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar í skógrækt skilaði lokaskýrslu í byrjun árs (forstöðumaður skilaði sérálitni ásamt öðrum nefndarmanni). Stýrihópur um endurskoðun stefnu Íslands hvað varðar vernd líffræðilegrar fjölbreytni skilaði grænbók sem kynnt var í samráðsgátt stjórnvalda í október. Þá á forstöðumaður sæti í stjórn Kirkjubæjarstofu fyrir hönd Háskóla Íslands, situr í ritstjórn Náttúrufræðingsins og í stjórn Biodice, samráðsvettvangs um líffræðilega fjölbreytni. Einnig var forstöðumaður einn skipuleggjenda, málstofustjóri og hélt inngangserindi á málstofu sem haldin var á Arctic

Circle þinginu í Hörpu í október og bar heitið: *Tackling biodiversity loss and climate change together in the Arctic and beyond*. Fuglavernd og Konunglega breska fuglaverndarfélagið stóðu saman að málþinginu þar sem fjallað var um mikilvægi þess að bregðast við loftslagsbreytingum og hruni líffræðilegrar fjölbreytni á heimsvísu á samstilltan hátt án þess að aðgerðir vinni hver á móti annari.

RITASKRÁ

Doktorsritgerð

Aldís Erna Pálsdóttir 2022. Effects of land conversion in sub-arctic landscapes on densities of ground-nesting birds. Háskóli Íslands. 114 pp.

VÍSINDAGREINAR Í ALPJÓÐLEGUM RITUM

Aldís Erna Pálsdóttir, Jennifer A. Gill, José A. Alves, Snæbjörn Pálsson, Verónica Méndez, Harry Ewing & Tómas G. Gunnarsson 2022. Sub-arctic afforestation: effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology* 59 (10), 2456-2467.

Camilo Carneiro; Tómas G. Gunnarsson; José A. Alves 2022. Annual schedule adjustment by a long-distance migratory bird. *American Naturalist*. <https://www.journals.uchicago.edu/doi/abs/10.1086/722566>

Méndez, V., Alves, J.A., Gill, J.A., Þórisson, B., Carneiro, C. Pálsdóttir, A.E., Vignisson, S.R. & Gunnarsson, T.G. 2022. Effects of pair migratory behavior on breeding phenology and success in a partially migratory shorebird population. *Ecology and Evolution* 12 (8). <https://onlinelibrary.wiley.com/doi/pdf/10.1002/ece3.9184>

Aldís Erna Pálsdóttir, Jennifer A Gill, Snæbjörn Pálsson, José A Alves, Veronica Méndez, Böðvar Þórisson, Tómas G Gunnarsson 2022. Effects of overhead power-lines on the density of ground-nesting birds in open sub-arctic habitats. *Ibis*, early view: <https://doi.org/10.1111/ibi.13089>

Per Angelstam, Michael Manton, Ingrid Stjernquist, Tómas Grétar Gunnarsson, Richard Ottvall, Mats Rosenberg, Ole Thorup, Per Wedholm, Jaanus Elts, Davis Gruberts 2022. Barriers and bridges for sustaining functional habitat networks: A macroecological system analysis of wet grassland landscapes. *Ecology and Evolution* 12: e8801.





STARFSEMI Í VESTMANNAEYJUM

Starfsemi Stofnunar rannsóknasetra HÍ í Vestmannaeyjum hófst á ný árið 2020 þegar dr. Filipa Samarra rannsóknasérfræðingur var ráðin til starfa en hún annast ýmis rannsóknarverkefni um sjávarspendýr í hafinu við suð-urströnd Íslands. Dr. Paul Wensveen, rannsóknasérfræðingur við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, hefur starfsaðstöðu í Vestmannaeyjum og sinnir þar rannsóknum á sérsviði sínu sem er líffræði hvala.

Árið 2022 var unnið að stóru rannsóknarverkefni um þýðingu umhverfisstöðugleika fyrir vistfræðilega sérhæfingu háhyrninga. Verkefnið, sem styrkt er af RANNÍS, hófst árið 2021 og felur í sér samstarf við rannsakendur víða að. Umfangsmiklar vettvangsrannsóknir fóru fram um sumarið og var hluti þeirra í samvinnu við vísindafólk frá St. Andrews-háskóla í Skotlandi. Haldið var áfram langtímavöktun háhyrninga umhverfis Vestmannaeyjar (sjá icelandic-occas.com) sem hófst 2008, en auk þess var unnið að því að koma fyrir á hvölnum merkjum sem fest eru með sogskálum og nema og skrá atferli og hljóðmyndun dýranna. Meðal gagna sem safnað var á sjó og úr landi má nefna ljósmyndir til auðkenningar, hljóðupptökur og vefjasýni en einnig var unnið að athugunum á atferli. Meðal hvala-

tegunda sem skráðar voru í verkefni sem lýtur að langtímavöktun voru grindhvalur, hnúfubakur, steypireyður, langgreyður, hrefna og hnísa.

Vinna hófst við nýtt verkefni sem miðar að því að búa til ljósmynda-skrá á vefnum yfir háhyrninga við strendur Íslands og ráðinn starfsmaður í tvo mánuði til að þróa verkefnið og gera kynningarefni um það. Meðal efnisins voru plaköt með upplýsingum um hvali sem finna má umhverfis Vestmannaeyjar og um rannsóknir á þeim og voru plakötin notuð til kynningar í gríðastað mjaldra, Beluga Sanctuary. Þá hófst samstarf við Fab Lab í Vestmannaeyjum um vísindakynningar sem nýta nýjustu tækni. Í október var efnt til vísindakaffis í tengslum við vísindavöku Rannís og og starfsemin kynnt með sýningu í Þekkingarsetri Vestmanneyja.

Unnið var að rannsóknarverkefni um farhegðun andarnefju og áhrif vaxandi hávaða í hafinu á tegundina. Verkefnið er styrkt af Rannís og með nýdoktorsstyrk frá Háskóla Íslands og rannsóknin er unnin í samstarfi við Hafrannsóknastofnun og samstarfsaðila erlendis (sjá: hypmo.org). Sumarið 2022 voru settir upp þrír hljóðritar á djúpsævi við Ísland og Azoreyja, en auk hljóðupptaka er notast við sjónræn gögn, greiningar á vefja- og





fæðusýnum og gervihnattagögn sem varpa ljósi á far dýranna um Norð-austur-Atlantshaf.

Nokkrir nemendur tóku þátt í vettvangsrannsóknum sumarsins bæði hér við land og við Azoreyjar, auk samstarfsfólks og nemenda í starfs-þjálfun.

Meðfram rannsóknarstörfum tók Filipa að sér kennslu í vistfræði haf- og strandsvæða við Háskólasetur Vestfjarða um nokkurra vikna skeið á haust- misseri. Paul kenndi einnig nemendum í „International Master of Bioacoustics“ við Háskólann í St. Etienne í Frakklandi.

Í desember var Filipa í hópi vísindamanna sem önnuðust krufningu og rannsókn á tveimur rispuhöfrungum (*Grampus griseus*) sem hafði rekið á land í Hrutáfirði en ekki er vitað til þess að tegundin hafi fundist áður hér við land. Auk hennar tóku vísindamenn frá Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun, HÍ og Tilraunastöð HÍ í meinafræði þátt í rannsókninni. Þá tók hún á árinu sæti í vísindanefnd *International Quiet Ocean Experiment* sem hefur m.a. að markmiði að stuðla að rannsóknum á hljóðheimi hafsins og áhrifum hljóða á lífríki þess.

Carola Chicco lauk meistara verkefni sínu um hnúfubaka á árinu. Meistar- aneminn Alice Crighton kom til eins árs námsdvalar og Michelle Dutro hóf vinnu við meistara verkefni um andarnefjur undir leiðsögn Filipu. Tveir nemendur luku BS-verkefnum undir leiðsögn hennar á árinu.

RITASKRÁ

- Samarra FIP, Borrell A, Selbmann A, Halldórsson SD, Pampoulie C, Chos- son V, Gunnlaugsson T, Sigurðsson G, Aguilar A and Víkingsson GA (2022) Insights into the trophic ecology of white-beaked dolphins (*Lagenorhynchus albirostris*) and harbour porpoises (*Phocoena phoc- oena*) in Icelandic waters based on stable isotope analyses. *Marine Ecology Progress Series* 702: 139-152, doi: 10.3354/meps14208
- Samarra FIP, Selbmann A, Aoki K and Miller PJO (2022) Occurrence of cetaceans in the waters of the Surtsey Nature Reserve between 2008 and 2021. *Surtsey Research* 15: 89-96, doi: 10.33112/surtsey.15.6
- Selbmann A, Basran C, Bertulli CG, Hudson T, Mruscok M-T, Rasmussen MH, Rempel JN, Scott J, Svavarsson J, Wensveen M, Whittaker M and Samarra FIP (2022) Occurrence of long-finned pilot whales (*Globi- cephalo melas*) and killer whales (*Orcinus orca*) in Icelandic coastal waters and their interspecific interactions. *Acta Ethologica* 25: 141- 154 doi: 10.1007/s10211-022-00394-1
- Kebke A, Samarra FIP and Derous D (2022) Climate change and cetacean health: impacts and future directions. *Philosophical Transactions of the Royal Society B* 377: 20210249

Samarra FIP and Esteban R (2022) Killer whale *Orcinus orca* (Linnaeus, 1758). In: Hackländer K, Zachos FE (eds.) *Handbook of the Mammals of Europe*, doi: 10.1007/978-3-319-65038-8_100-1

Oliviera, C, Pérez-Jorge, S, Prieto, R, Cascão, I, Wensveen, PJ, Silva, MA (2022). Exposure to whale watching vessels affects dive ascents and resting behavior in sperm whales. *Frontiers in Marine Science* 9, 914397. doi: 10.3389/fmars.2022.914397

Isojunno, S, von Benda-Beckmann, AM, Wensveen, PJ, Kvadsheim, PH, Lam, FPA, Gkikopoulou, K, Pöyhönen, V, Tyack, P, Benti, B, Foskolos, I, Bort, J, Neves, M, Biassoni, N & Miller, PJO (2022). Sperm whales exhibit variation in echolocation tactics with depth and sea state but not naval sonar exposures. *Marine Mammal Science* 38, 682-704.

NEMENDARITGERÐIR

Chicco, Carola (2022) Acoustic analysis of Megaptera novaeangliae in Southern Iceland. MSc Environmental Biology dissertation, University of Turin, Italy. 79 pp.

Ársælsdóttir, Ástrós Eva (2022) Long-term site fidelity of killer whales to a herring spawning ground using photo-identification. BSc Biology dissertation, University of Iceland.

Shaw, Hannah (2022) The diving behaviour of killer whales (*Orcinus orca*) feeding on spawning herring (*Clupea harengus*) off the coast of South Iceland. BSc. Zoology dissertation, Liverpool John Moores University, 16 pp.

FYRIRLESTRAR

Eleman A, McGinty N, Bertulli CG, Óskarsson G, Pálsson S and Samarra FIP (2022) Multi-scale analysis of killer whale habitat use in Icelandic waters. 24th Biennial Conference on the Biology of Marine Mammals, Florida, USA, 1-5 August 2022 (poster)

Haas, CE, Miller, PJO, Hooker, SK, Svavarsson, J & Wensveen, PJ (2022). Acoustic behaviour of the northern bottlenose whale (*Hyperoodon ampullatus*) within the North Atlantic soundscape. 10th Conference of the Ecological Society of Iceland, Hafnarfjörður, Iceland. (poster)

Marchon T, Rasmussen M and Samarra FIP (2022) Geographical move- ments, site fidelity and connectivity of killer whales (*Orcinus orca*) within and outside herring (*Clupea harengus*) grounds in Icelandic coastal waters. 33rd Conference of the European Cetacean Society, 5-7 April 2022 (speed talk)

Marchon T, Samarra F and Rasmussen MH (2022) Geographical move- ments, site fidelity and connectivity of killer whales (*Orcinus orca*) within and outside herring (*Clupea harengus*) grounds in Icelandic coastal waters. 24th Biennial Conference on the Biology of Marine Mammals, Florida, USA, 1-5 August 2022 (poster)



Neubarth, BK, Méndez Aragón, V, Wensveen, PJ (2022). A Whale Trail for Iceland: How to realize Iceland's potential for land-based marine mammal observation. 10th Conference of the Ecological Society of Iceland, Hafnarfjörður, Iceland. (poster)

Neubarth, BK, Jakobsdóttir, H, Miller, PJO, Martínez Catalán, RA, Grove, T, Svavarsson, J & Wensveen, PJ (2022). Identification and sex-age classification of northern bottlenose whales in the Northeast Atlantic based on photographic evidence. 33th Conference of the European Cetacean Society, Ashdod, Israel. (poster)

O'Brien ES and Samarra FIP (2022) Seasonal variation and temporal stability in the social network of Icelandic herring-eating killer whales. 33rd Conference of the European Cetacean Society, 5-7 April 2022 (oral)

Samarra FIP and Víkingsson GA (2022) Forty years of killer whale research in Iceland: the importance of long-term studies. 33rd Conference of the European Cetacean Society, 5-7 April 2022, virtual (oral)

Samarra FIP, Borrell A, Aguilar A and Víkingsson G (2022) Niche partitioning among four species of odontocetes in Iceland: harbour porpoises (*Phocoena phocoena*), white-beaked dolphins (*Lagenorhynchus albirostris*), long-finned pilot whales (*Globicephala melas*) and killer whales (*Orcinus orca*). 24th Biennial Conference on the Biology of Marine Mammals, Florida, USA, 1-5 August 2022 (poster)

Samarra FIP (2022) The importance of Greenland-Iceland cooperation to assess the status and future responses of cetacean top predators to ecosystem changes. Greenland-Iceland Research Cooperation Workshop. 25-26 August 2002, Nuuk, Greenland.

Selbmann A, Basran C, Bertulli CG, Hudson T, Mrusczyk M-T, Rasmussen

MH, Rempel JN, Scott J, Svavarsson J, Wensveen M, Whittaker M and Samarra FIP (2022) Occurrence of long-finned pilot whales (*Globicephala melas*) and killer whales (*Orcinus orca*) in Icelandic coastal waters and their interspecific interactions. 33rd Conference of the European Cetacean Society, 5-7 April 2022 (speed talk)

Selbmann, A, Basran, CJ, Bertulli, CG, Hudson, T, Mrusczyk, MT, Rasmussen, MH, Rempel, JN, Scott, J, Svavarsson, J, Wensveen, PJ, Whittaker, M, Samarra, FIP (2022). A top predator on the run: Interactions between pilot whales and killer whales. Gordon Research Conference on Predator-Prey Interactions, Lucca, Italy (poster)

Wensveen, P, Neubarth, N, Macrander, A, Miller, P, Lam, FP, Jakobsdóttir, H & Svavarsson, J (2022). Inferring movements of northern bottlenose whales from photographic information and long-term passive acoustics. 24th Biennial Conference on the Biology of Marine Mammals, Palm Beach, FL, USA (oral)

Wensveen, PJ, Curé, C, Isojunno, S, Kvadsheim, PH, Lam, FPA, Benda-Beckmann, AM & Miller, PJO (2022). Sperm whale behavioral responsiveness to sonar depends on both received level and source proximity. 7th International Meeting on the Effects of Sound in the Ocean on Marine Mammals, Beaufort, NC, USA (oral)

Samarra FIP (2022) Top predators in the subarctic as indicators of ecosystem health. XIII workshop of the Association of Polar Early Career Scientists Portugal, University of the Algarve, Portugal (oral)

Samarra FIP (2022) My journey into marine mammal science. 24th Biennial Conference on the Biology of Marine Mammals, Florida, USA, 1-5 August 2022 (oral)





RANNSÓKNASETUR HÍ Á SUÐURNESJUM

Rannsóknir setursins tengjast einkum lífríki sjávar, með megináherslu á vistfræði og áhrif mengandi efna á sjávarlífverur. Forstöðumaður er dr. Halldór Pálmar Halldórsson sjávarlíffræðingur en einnig starfa við setrið Hermann Dreki Guls, sérfræðingur í fullu starfi, og Sandra Dögg Georgsdóttir, sem var í fullu starfi frá og með maí en þá lauk hún BS-verkefni sínu við setrið. Rannsóknasetrið deilir húsnæði í Sandgerði með Náttúrustofu Suðvesturlands og Þekkingarsetri Suðurnesja sem voru sem fyrr nánir samstarfsaðilar.

Helstu verkefni ársins voru áframhaldandi rannsóknir á kröbbum og kræklingi, auk öðuskelja, þar sem lögð er áhersla á vöktun, eiturefnavistfræði og líffræðilega mælikvarða í dýrunum í tengslum við mengun. Setrið sá áfram um kræklingasöfnun á landsvísu vegna AMSUM-mengunarföktunar og gerðar voru mælingar á efnainnihaldi og ensímavirkni í kræklingi og öðu á hafnarsvæðum á Reykjanesi. Tveir franskir starfsmennar dvöldu á

setrinu um sumarið og tóku þátt í þeim verkefnum. Því til viðbótar hófst á árinu viðamikil verkefni í samstarfi við Umhverfisstofnun sem snýr að mengunarlági í höfnum en starfsfólk setursins fór um landið og tók bæði setsýni og krækling til greininga á ýmsum efnum og líffræðilegum mælikvörðum. Auk þess sá setrið um mengunarföktun og rannsóknir fyrir Isavia vegna fráveitu skólps frá Keflavíkurflugvelli.

Líkt og undanfarin ár var alþjóðlegt samstarf fjölbreytt og nokkuð umfangsmikið. Setrið tók þátt í rafrænum fundi vinnuhóps innan ICES um áhrif mengandi efna á lífverur sem haldinn var 4.–8. apríl. Setrið er aðili að SureAqua-verkefninu sem lauk á árinu en það er styrkt af Nord-Forsk og leitt af rannsóknarstofnuninni NORCE í Bergen. Doktorsverkefni Daniels Coaten við setrið sem snýr að rannsóknum og nýtingu á þara er fjármagnað að hluta í gegnum SureAqua-verkefnið, líkt og rannsóknir





setursins á umhverfisáhrifum fiskeldis í sjó, sem eins og undanfarin ár voru unnar í samstarfi með RORUM ehf. ásamt nokkrum erlendum aðilum. Samstarf setursins við Háskólann í Baskalandi á Spáni um rannsóknir á áhrifum olíumengunar á lífríki sjávar í Norður-Atlantshafi hélt áfram en það hófst árið 2018 og er nú á lokametrunum. Þátttaka í verkefninu „European Rivers Monitoring Project“ hófst á árinu en það kemur í kjölfar „Pharmaceutical pollution of the world’s rivers“ sem setrið tók áður þátt í og er leitt af vísindafólki í York á Englandi. Verkefnið gengur út á að leita að lyfjaefnum í ám í Evrópu með stöðluðum sýnatökum og greiningaraðferðum. Af öðrum verkefnum má nefna þátttöku setursins í verkefninu Traversing European Coastlines (TREC) sem unnið er í samstarfi vísindamanna frá European Molecular Biology Laboratory (EMBL) og HÍ og gengur út á að varpa nýju ljósi á líffræðilegan fjölbreytileika á strandsvæðum í Evrópu.

Talsvert var fjallað um setrið og starfsemi þess í fjölmöldum á árinu, má þar nefna viðtöl í sjónvarpsþættinum Kveik á RÚV varðandi hormónaraskandi efni, frétt á RÚV sem tekin var upp um borð í rannsóknabáti setursins í leiðangri með erlenda vísindamann á vegum EMBL, frétt í Morgunblaðinu um lyfjamengun í ám og fréttir í Ægi og Fiskiréttum um rannsóknirnar á grjótkrabba og örplasti í sjávarlíffverum. Að auki tók setrið þátt í Vísindavöku Rannís í Laugardalshöllinni 1. október.

Starfsmenn setursins kenndu í fjórum námskeiðum í líffræði við HÍ og forstöðumaður var jafnframt meðleiðbeinandi og í doktorsnefnd þriggja doktorsnema.

Setrið hefur umsjón með og sér um rekstur á Sæmundi fróða RE 32, 8 tonna bát í eigu HÍ, en hann nýttist afar vel við kennslu og ýmis rannsóknaverkefni á árinu.



RITASKRÁ

Gass, J.D., Dusek, R.J., Hall, J.S., Hallgrímsson, G.P., Halldórsson, H.P., Vignisson, S.R., Ragnarsdóttir, S.B., Jónsson, J.E., Krauss, S., Wong, S.-S., Wan, X.-F., Akter, S., Sreevatsan, S., Trovao, N.S., Nutter, F.B., Runstadler, J.A., Hill, N.J. 2022. Global dissemination of influenza A virus is driven by wild bird migration through arctic and subarctic zones. *Molecular Ecology*, pp. 198–213. DOI: <https://doi.org/10.22541/au.164372348.88612449/v1>

Grøsvik, B.E., Granberg, M.E., Kögel, T., Lusher, A.L., Gomiero, A., Halldórsson, H.P., Madsen, A.K., Baak, J.E., Guls, H.D., Magnusson, K. 2002. Microplastics in arctic invertebrates: status on occurrence and recommendations for future monitoring. *Arctic Science* 00: 1–11. DOI: <https://doi.org/10.1139/as-2022-0004>.

Guðjón Atli Auðunsson, Elín Jónsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls og Joe Jephson. 2022. Snefilefni í kræklingi við Álfsnes, sumar 2021. Skýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar og Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum. Verkefni unnið fyrir Sorpu. Apríl 2022, 9 bls.

Halldór Pálmar Halldórsson og Hermann Dreki Guls. 2022. Viðtakarannsóknir fráveitu við meginútrásir skólphreinsistöðvanna í Reykjavík og á Kjalarnesi árið 2021. Verkefni og skýrsla unnin af Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum fyrir Veitur ohf. Nr. 2022-101. Febrúar 2022, 32 bls. + 20 bls. viðauki.

Halldór Pálmar Halldórsson og Hermann Dreki Guls. 2022. Tillaga að sýnatöku og vöktun á örplasti í sjávarseti við Ísland. Vöktunaráætlun og skýrsla unnin fyrir Umhverfisstofnun. Maí 2022, 6 bls.

Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls, Natasa Desnica, Julija Igrorsdóttir, Branka Borojevic og Kristín Ólafsdóttir. 2022. Könnun á ólífrænum snefilefnum og arómatískum fjólhringjum (PAH) í kræklingi og seti við Grundartanga, Hvalfirði, 2021. Verkefni unnið af HÍ og Matís fyrir Norðurál og ELKEM, skýrsla Matís 16-22. Apríl 2022, 50 bls.

Jensen, S., Grøsvik, B.E., Halsband, C., Halldórsson, H.P., Leslie, H., Gunnlaugsdóttir, H., Guls, H.D., Vorkamp, K., Granberg, M.E., Sigurðsson, V., Jörundsdóttir, H.Ó. 2022. Understanding microplastic pollution in the Nordic marine environment – knowledge gaps and suggested approaches. *Microplastics and Nanoplastics* 2, 22. DOI: <https://doi.org/10.1186/s43591-022-00041-3>

Sindri Gíslason, Hermann Dreki Guls, Joana Micael og Halldór Pálmar Halldórsson. 2022. Grjótkrabbavöktun 2021. Skýrsla Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum. Janúar 2022, 16 bls.

Sindri Gíslason, Joana Micael, Anna Bára Másdóttir, Hermann Dreki Guls og Halldór Pálmar Halldórsson. 2022. Fráveita affallsvökva til Arfadalsvíkur: Vöktun lífríkis árið 2022. Skýrsla Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum. Verkefni unnið fyrir HS Orku hf. Nóvember 2022, 36 bls.





Wilkinson, J.L., Boxall, A.B.A., Kolpin, D.W., ... Halldorsson, H.P., ... , Teta, C. 2022. (125 höfundar). Pharmaceutical pollution of the World's Rivers. *Proceedings of the National Academy of Science* 119, No. 8 e2113947119. DOI: <https://doi.org/10.1073/pnas.2113947119>

KYNNINGAR OG VÍSINDAMIDLUN

Halldór Pálmar Halldórsson. Fræðsluganga laugardaginn 13. ágúst 2022 á Geirsnafi. Kynning á verkefninu Traversing European Coastlines (TREC) sem unnið er í samstarfi vísindamanna frá European Molecular Biology Laboratory (EMBL) og HÍ og gengur út á að varpa nýju ljósi á líffræðilegan fjölbreytileika á strandsvæðum.

Halldór Pálmar Halldórsson. Frétt og viðtal í Fiskifrættum 30. janúar 2022. Fjallaði um örplast í lífríki sjávar og rannsóknir setursins á því.

Halldór Pálmar Halldórsson. Sjónvarpsfrétt á RÚV 12. ágúst 2022. "Rannsaka lífríki við Ísland: Merkilegur leiðangur". Viðtal um borð í rannsóknabáti HÍ, Sæmundi fróða RE. Farið var með sjónvarpsfólk ásamt fimm erlendum vísindmönnum að taka sýni á sjó vegna TREC verkefnisins sem er leitt af European Molecular Biology Laboratory (EMBL) og gengur út að rannsaka líffræðilegan fjölbreytileika með nýjum aðferðum.

Halldór Pálmar Halldórsson og Hermann Dreki Guls. Viðtal og frétt í þættinum Kveik á RÚV 1. mars 2022. Kynning á hormónaraskandi efnum og áhrifum þeirra á sjávarlífverur. Upptakan fór meðal annars fram í kennslustofu í Öskju þar sem ofangreindir voru að kenna eiturefnavistfræði við HÍ.

Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls og Sandra Dögg Georgsdóttir. Vísindavaka Rannís haldin í Laugardalshöll 1. október 2022.

Hermann Dreki Guls. Kynning á vöktun efnamengunar með notkun sjávarlífvera við Ísland. Erindi á ICES vinnufundi um líffræðileg áhrif mengandi efna á sjávarlífverur. Fjarfundur haldinn dagana 4.-8. apríl 2022.

Hermann Dreki Guls og Sandra Dögg Georgsdóttir. Starfsgreina kynning fyrir grunnskólanemendur á Suðurnesjum. Kynning á starfi sjávarlíffræðinga og lífefnafræðinga fyrir nemendur í 8. og 10. bekk grunnskóla. Haldið í íþróttahúsi Keflavíkur 11. október 2022.

PRÓFRITGERÐ

Sandra Dögg Georgsdóttir. 2022. Áhrif mengandi efna á krækling (*Mytilus edulis*) í höfnum á Suðurnesjum skoðuð með notkun lífmerkja. 15 eininga BS-ritgerð við Raunvísindadeild Háskóla Íslands. Júní 2022, 50 bls. <http://hdl.handle.net/1946/41370>



RANNSÓKNASETUR HÍ Á SNÆFELLSNESI

Forstöðumaður rannsóknasetursins er Jón Einar Jónsson vísindamaður en auk hans starfaði Jamie Noreen Carroll sem verkefnastjóri við setrið í fullu starfi allt árið. Anna Ejsmond nýdoktor hóf störf í lok september, en hún rannsakar áhrif thíamínskorts í æðarfugli með aðferðum fræðilegrar vistfræði. Hera Guðlaugsdóttir, nýdoktor frá Raunvísindastofnun HÍ, hafði vinnuáætlun við setrið í nokkra mánuði og starfaði sem Fulbright-styrkþegi í Kaliforníu um haustið. Hera notar loftslagslíkön til að meta áhrif eldgosa á veðurfar. Ellen Magnúsdóttir líffræðingur og Jón Jakobsson í Rifgirðingum störfuðu að merkingum á æðarfugli ásamt starfsmönnum setursins áttunda sumarið í röð.

Í ársbyrjun lést Arnþór Garðarsson prófessor emeritus við HÍ (fæddur 1938), en hann starfaði um árabil með okkur að rannsóknnum á dílaskarfi og æðarfugli. Arnþór var mikils metinn af öllum sem til þekktu og verður framlag hans til rannsóknasetursins seint fullþakkað.

Merkingar á æðarfugli í Breiðafjarðareyjum eru langtíma verkefni sem unnið er í samstarfi við landeigendur og styrkt af Rannsóknasjóði HÍ. Alls náðust eða endurheimtust 221 merkt æðarkolla í Breiðafirði, af þeim voru 79 nýmerktar í Landey, Stakksey, Hjallsey, Rifgirðingum og Sellátri. Þegar bátur sem nota átti við merkingarnar bilaði komu heimamenn til hjálpar, þeir Árni Ásgeirsson, Kristján Lár Gunnarsson, Björn Ásgeir Sumarliðason og Jón Jakobsson, og sigldu með okkur til og frá merkingastöðum.

Norska Seatrack-verkefnið hélt áfram og var unnið við að kortleggja vetrarstöðvar og farleiðir 11 sjófuglategunda. Í ár voru settir út 10 hnattstöðuritar en 11 slíkir voru endurheimtir. Alls hafa verið settir út 214 hnattstöðuritar og voru 152 endurheimtir 2014-2021. Norsk Institutt for Naturforskning leiðir verkefnið, sem hefur nú sinn þriðja fasa, 2022-2026.

Tvö merkingaverkefni héldu áfram; merktir voru 105 mávsungar í Landey í júlí og svo 125 æðarungar í eldi að Keisbakka á Skógarströnd síðar í sama mánuði.

Dróni með innrauðri myndavél fékkst keyptur með styrk úr Tækjakaupa-sjóði HÍ 2020 og mun nýtast næstu árin, m.a. til kortlagningar búsvæðis umhverfis hreiður og hitamyndatöku á varpstöðum. Vinna með drónann

gekk vel og var hann m.a. notaður til að kortleggja æðarhreiður úr lofti til að flýta fyrir hreiðraleit. Þá var hann notaður til að telja máva í Landey, Hjallsey og Stakksey í byrjun júní.

Talningar á æðarungum, vatnafuglum og afkomu bjargfugla fóru fram eins og vant er. Vatnafuglar og bjargfuglar eru sem fyrr samstarf með Náttúrustofu Vesturlands. Í jólafuglatalningum voru taldir Álfafjörður, Vígrafjörður og Hofstaðavogur.

Í ár birtust fjórar alþjóðlegar greinar með þátttöku Rannsóknasetursins og fjölluðu um dreifingu fuglflensu með farfuglum, hormónastarfsemi æðarkollna á varptíma og hvernig óvissa í fæðuframboði tengist varptíma æðaranda, auk yfirlitsgreinar um áhrif kvikasilfurs á fuglastofna.

Jón Einar hélt fyrirlestra um æðarfugla í Breiðafirði fyrir nemendahópa frá Háskóla Íslands, Háskóla Vestfirja og Landbúnaðarháskóla Íslands, í námskeiðum í umhverfis- og auðlindafræði, vistfræði strandsvæða, og nýtingu staðarþekkingar í rannsóknnum. Jamie hélt fyrirlestur um rannsóknasetrið á föstudagsfyrirlestri Líf- og umhverfisvísindadeildar í desember.

Jón Einar hóf störf í Faghópi 1 í Rammaáætlun, sem er skipaður til næstu fjögurra ára. Hann starfaði áfram sem fagritstjóri Wildlife Biology og í ráðgjafarnefnd umhverfisráðuneytis um framandi lífverur. Þá var hann kjörinn félagi í International Ornithologists' Union.

GREINAR

Ejsmond, A., Ejsmond, M.J. 2022. Food resource uncertainty shapes the fitness consequences of early spring onset in capital and income breeding migratory birds. *Ecology and Evolution* 12:e9637.

Gass Jr. J.D., Dusek, R.J., Hall, J.S., Hallgrímsson, G.T., Halldórsson, H.P., Vignisson, S.R., Ragnarsdóttir, S.B., Jón Einar Jónsson, Krauss, S., Wong, S.-S., Wan, X.-F., Akter, S., Sreevatsan, S., Trovão, N.S., Nutter, F.B., Runstadler, J.A., Hill, N.J. 2023. Global dissemination of Influenza A virus is driven by wild bird migration through arctic and subarctic zones. *Molecular Ecology* 32(2)



- Chastel, O., Fort, J., Ackerman, J.T., Albert, C., Angelier, F. et al. 2022. Mercury contamination and potential health risks to Arctic seabirds and shorebirds. *Science of The Total Environment* 844(1):156944
- Smith, R.A. David J. Yurkowski, Kyle J.L. Parkinson, Jérôme Fort, Holly L. Hennin, H. Grant Gilchrist, Keith A. Hobson, Mark L. Mallory, Sveinn A. Hanssen, Jóhannis Danielsen, Svend E. Garbus, Jón Einar Jónsson, Christopher J. Latty, Børge Moe, Christian Sonne, Grigori Tertitski, Oliver P. Love. 2022. Environmental and life-history factors influencing inter-colony and multidimensional niche metrics of breeding common eider. *Science of the total environment* 796: 148935

FYRIRLESTRAR

- Jón Einar Jónsson 2022. University of Iceland's Research Center at Snæfellsnes. Kynningarerindi fyrir hóp stúdenta í alþjóðlegu mastersnámi um nýtingu staðarþekkingar heimafólks í umhverfisrannsóknnum, í umsjón LBHÍ. 11. mars, Ráðhúsi Stykkishólms.
- Jón Einar Jónsson 2022. Notkun myndavéla í fuglarannsóknnum. Ársfundur Stofnana rannsóknasetra Háskóla Íslands. Höfn í Hornafirði, 23. apríl.
- Jón Einar Jónsson 2022. The common eiders of Breiðafjörður. Erindi fyrir hóp nemenda í HÍ í námskeiði um verndarsvæði í sjó, Umhverfis- og auðlindafræði HÍ, Ráðhúsi Stykkishólms 19. ágúst.
- Jón Einar Jónsson 2022. The common eiders of Breiðafjörður. Erindi fyrir hóp nemenda í Vistfræði sjávar- og strandsvæða (Coastal and Marine Ecology), Háskólasetri Vestfjarða, Ráðhúsi Stykkishólms 13. september.
- Jamie Noreen Carroll 2022. Bird Research at UI Snæfellsnes. Föstudagsfyrirlestur Líf- og umhverfisvísindadeildar, Askja, 16. desember.





RANNSÓKNASETUR HÍ Á VESTFJÖRÐUM


Við setrið störfuðu á árinu 2022 tveir sérfræðingar í fullu starfi, dr. Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir líffræðingur, sem jafnframt er forstöðumaður setursins, og dr. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur. Sú breyting varð þó á haustmánuðum að Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir fór í tímabundið leyfi frá störfum og sinnir Ragnar Edvardsson störfum forstöðumanns í fjarveru hennar. Þá unnu þeir doktorsnemar við setrið, einn meistaranemi, einn sérfræðingur tímabundið og tveir sumarstarfsmenn.

Rannsóknasetrið er til húsa að Hafnargötu 9b í Bolungarvík. Þar hefur undanfarin ár verið unnið að því að bæta aðstöðu og tækjabúnað til rannsókna á strandsvæðum, bæði á sviði líffræði og fornleifafræði. Þessi uppbygging hefur skapað setrinu sess sem ákjósanlegur vettvangur til að sinna fjölbreyttum rannsóknum, m.a. þeim sem krefjast kortlagningar búsvæða á hafsbötni, umhverfisstýrðum tilraunum á fiskum á rannsóknastofu, merkingu á fiskum á vettvangi og skráningu minjastaða á hafsbötni. Þá hefur þessi uppbygging gert setrinu kleift að sinna samfélagsverkefnum af enn

meiri krafti en áður, t.d. með því að taka á móti hópum grunnskólanema. Rannsóknastarf setursins gekk vel árið 2022 og sumarið var annasamt. Stórum rannsóknarverkefnum var haldið áfram og önnur hafin eins og lesa má nánar um hér að neðan.

Guðbjörg Ásta er leiðbeinandi doktorsnemanna þriggja sem störfuðu við setrið. Anja Nickel vinnur að verkefninu „Vistfræði og búsvæðanýting þorsfiskseiða við náttúrulegar aðstæður“. Theresa Henke vinnur að verkefninu „Landnám flundru (*Platichthys flesus*) á Íslandi“ og Michelle Valliant að verkefninu „Breytileiki innan og á milli algengra fiskitegunda í viðbrögðum við álagsþáttum í nærsjó“. Þá vann meistaraneminn Reesha Price við setrið að rannsókn sinni á áhrifum bátaumferðar á atferli þorskungviðis.

Rannsóknir ársins einkenndust nokkuð af framvindu verkefna sem styrkt eru af Rannsóknasjóði Rannís en í upphafi árs 2022 hlaut Guðbjörg Ásta verkefnastyrk til verkefnisins „Inni og ytri áhrifaþættir við upphaf fars þorsks“. Þetta verkefni er nátengt rannsókninni „hreyfivistfræði þorsk-



seiða“ sem var styrkt af Rannís 2019 og lauk á árinu 2022. Meðal þess sem hæst bar í vettvangsvinnu ársins var uppsetning stórs kerfis hlustunardufla í Dýrafirði, en með því verður fylgst með ferðum þorskungviðis um fjörðinn og áhrifum umhverfisþátta á þær, sérstaklega hvernig umhverfi hefur áhrif á far af uppeldisstöðvum. Innan sama kerfis var sumarið 2022 merkt nokkuð af silungi en það var lokahnykkur verkefnis sem Umhverfissjóður sjókvíaldís styrkti og miðaði að því að rannsaka „lúsasmit á villtum laxfiskum og hvort lúsasmit hefur áhrif á ferðir villtra laxfiska“. Meðal annars var skoðað hvort fiskar sem eru smitaðir af lús eru líklegri til að halda sig við sjókvíar eða hvort þeir halda sig mögulega mest við ferskvatn. Einnig var unnið að rannsóknum á nýja landnemanum flundru, bæði í Dýrafirði og í Ósá / Syðridalsvatni í Bolungarvík. Í Dýrafirði var markmið rannsókna að skilja búsvæðanýtingu og að hve miklu leyti flundra og villtur silungur nýta sömu svæði. Í Ósá var markmið merkinga að skilja hve mikið og lengi flundran nýtir ferskvatn og hvort hún gengur upp ár og í vötn.

Á sviði fornleifafræði var haldið áfram með rannsóknir á hvalveiðistöðvum Norðmanna á Íslandi við upphaf tuttugustu aldar. Fornleifar í hvalveiðistöðinni á Suðureyri í Tálknafirði voru skráðar en að þeirri vinnu lokinni er búið að skrá fornleifar á öllum norskum hvalveiðistöðvum á Vestfjörðum. Að auki var haldið áfram með verkefnið „Fornleifarannsóknir á neðansjávarminjum“ sem miðar að því að fá hugmynd um fjölda skipsflaka við Íslandsstrendur, ástand þeirra og rannsóknarmöguleika. Árið 2022

hófst rannsóknir á minjum við verslunarstaðinn á Eyrarbakka en ritaðar heimildir benda til þess að Eyrarbakki hafi allt frá landnámi verið einn mikilvægasti verslunarstaður landsins. Einnig benda ritheimildir til þess að talsverður fjöldi skipa hafi farist við verslunarstaðinn frá 12. og fram á 19. öld. Við vettvangsrannsóknir vöktu sex staðir sérstaka athygli og gætu geymt minjar en nánari könnun á þeim reyndist ekki möguleg vegna skyggis. Markmiðið er að halda áfram rannsóknum við Eyrarbakka árið 2023, eftir því sem tækifæri gefst.

ÚTGÁFA

Hrafnkell Lárusson og Ragnar Edvardsson (2022). Veghleðslur á Breiðaldalsheiði. Rannsókn á samgönguminjum og sögulegu gildi þeirra. *Múlaping 44.2022*. Sögufélag Austurlands.

Ragnar Edvardsson (2022). Traditional coastal resources of the indigenous people: resilience and vulnerability assessment. Gloria Pungetti (ed.) *Routledge Handbook of Seascapes*. Routledge.

Brenna A. Frasier, Leah Springate, Timothy R. Frasier, Martin Carruthers, Ragnar Edvardsson, Ramona Harrison, Andrew Kitchener, Ingrid Mainland, Thomas McGovern, James Woollett, Vicki E. Szabo (2022). “Genetic examination of historical North Atlantic right whale (*Eubalaena glacialis*) bone specimens from the Eastern North Atlantic: insights into species history, transoceanic population structure, and genetic diversity.” *Marine Mammal Science*. <https://doi.org/10.1111/mms.12916>





- Ragnar Edvardsson, William P. Patterson, Hlynur Bárðarson, Sandra Tim-
sic, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir (2022). „Change in Atlantic cod migra-
tions and adaptability of early land-based fishers to severe climate
variation in the North Atlantic.” *Quaternary Research* 108, 81-92.
- Beukeboom, Rosanne, Antoine Morel, Joseph S. Phillips, Guðbjörg Ásta
Ólafsdóttir, and David Benhaim. “Activity vs exploration: Locomotion
in a known and unknown environment differs in Atlantic cod juveniles
(*Gadus morhua*).” *Behavioural Processes* 202 (2022): 104736.
- Theódórsson, Benedikt Kári, and Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. “Laboratory
measures of boldness correlate with ecological niche in threespine
stickleback.” *Ecology and Evolution* 12, no. 8 (2022): e9235.
- Jiménez-Mena B, Flávio H, Henriques R, Manuzzi A, Ramos M, Meldrup
D, Edson J, Pálsson S, Ólafsdóttir GÁ, Ovenden JR, Nielsen EE.
Fishing for DNA? Designing baits for population genetics in target
enrichment experiments: Guidelines, considerations and the new tool
supeRbaits. *Molecular Ecology Resources*. (2022). 22(5):2105-19.



FYRIRLESTRAR

- Anja Nickel, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, maí 2022, oral presentation
on *Spatial Ecology of Sympatric Juvenile Atlantic Cod and Saithe at
Nursery Grounds*, Ecolce, Reykjavík.
- Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Migratory ecotypes of Atlantic cod as juve-
niles: implications for conservation. FSBI 2022 Annual Symposium.
Fish in a Dynamic World. Nottingham, UK. 25-29 júlí 2022.
- Guðbjörg Ólafsdóttir. Historical and contemporary concerns about the
consistency of Atlantic cod ecotypes around Iceland. ESSAS Annual
Science Meeting. Seattle, USA. 20-23 júní 2022.
- Michelle Valliant, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, mars 2022, NoWPoS (Inter-
national Workshop of PhDs and Post-doctoral Fellows on Anadro-
mous Salmonids) Basque Country, Frakkland.
- Michelle Valliant, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, apríl 2022. Vístís (Ecology
Society Conference) Reykjavík, Ísland.
- Michelle Valliant, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, júlí 2022. Fisheries Society of
the British Isles (FSBI) Nottingham Trent University, Breland.
- Michelle Valliant, Anja Nickel, Theresa Henke, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir,
september 2022. Vísindakaffi á Þingeyri, Ferðir fiskanna rannsóknir
í Dýrafirði.
- Michelle Valliant, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, nóvember 2022. Popp, kók
og vísindi! Patreksfjörður, Iceland.
- Ragnar Edvardsson. Sjávarútvegsráðstefnan, nóvember 2022. Hlutverk
sjávarafurða í efnahag Íslendinga: áhrif breytinga í sjávarútvegi á
samfélag Íslendinga fyrir 1900.
- Theresa Henke, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. ICAIS - International Con-
ference on Aquatic Invasive Species (ICAIS) 18.-22.04.2022 in

Oostende, Belgium. Presentation: The social aspects of biological
invasions – involving stakeholders in the research on the establish-
ment of the European flounder (*Platichthys flesus*) in Iceland.

- Theresa Henke, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Vístís - Vistfræðifélag Íslands
conference 28.04.2022 in Reykjavík, Iceland. Presentation: The social
aspects of biological invasions – involving stakeholders in the
research on the establishment of the European flounder (*Platichthys
flesus*) in Iceland.
- Theresa Henke, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. IyRCIS - International young
Research Conference on Invasive Species 23.05.2022 held online.
Presentation: The social aspects of biological invasions – involving
stakeholders in the research on the establishment of the European
flounder (*Platichthys flesus*) in Iceland.
- Theresa Henke, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Nordic OIKOS conference 07.
- 10.06.2022 in Aarhus, Denmark. Presentation: The social aspects of
biological invasions – involving stakeholders in the research on the
establishment of the European flounder (*Platichthys flesus*) in Iceland.
- Theresa Henke, Snæbjörn Pálsson, Jakob Hemmer-Hansen, Guðbjörg
Ásta Ólafsdóttir. FSBI Fisheries Society of the British Isles Sympo-
sium 25. - 29.07.2022 in Nottingham, UK. Presentation: The origin of
non-indigenous European flounder (*Platichthys flesus*) in Iceland and
its hybridization with European plaice (*Pleuronectes platessa*).
- Theresa Henke, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. NeoBiota - International Con-
ference on Biological Invasions 12. - 16.09.2022 in Tartu, Estonia.
Presentation: The social aspects of biological invasions – involving
stakeholders in the research on the establishment of the European
flounder (*Platichthys flesus*) in Iceland.
- Theresa Henke, Snæbjörn Pálsson, Jakob Hemmer-Hansen, Hlynur Bárðar-
son, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Lunch lecture at University of Iceland,
30.09.2022 in Reykjavík, Iceland. Title: The establishment of the Euro-
pean flounder (*Platichthys flesus*) in Icelandic waters – the story of
a new species.
- Theresa Henke, Snæbjörn Pálsson, Jakob Hemmer-Hansen, Hlynur Bárðar-
son, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Lunch lecture at University Centre of
the Westfjords, 07.10.2022 in Ísafjörður, Iceland. Title: The establish-
ment of the European flounder (*Platichthys flesus*) in Icelandic waters
– the story of a new species.
- Short-term scientific mission (STSM) at ATU Sligo, Ireland through COST
Action CA17122 Alien CSI 07-18.11.2022. Titled: Developing best-ap-
proach guidelines for stakeholder identification and engagement in
preparation for the development of an interactive database to facili-
tate communication between scientists, stakeholders/public and pol-
icy makers on alien species in Iceland. In cooperation with Frances
Lucy, Eithne Davis, Dolores Byrne.







RANNSÓKNASETUR HÍ Á STRÖNDUM – ÞJÓÐFRÆÐISTOFA

Árið 2022 var að mörgu leyti ljómandi gott og gjöfult hjá Rannsóknasetri HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofu. Starfsemin er fjölbreytt og að ýmsu að huga því mörg rannsókn- og miðunarverkefni eru jafnan í gangi í einu. Þjóðfræðingarnir Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson voru allt árið í fullu starfi hjá setrinu. Guðlaug G.I. Bergsveinsdóttir þjóðfræðingur var fjóra mánuði í upphafi árs í hálfu starfi við ljósmyndaverkefni sem unnið var í samstarfi við Sauðfjársetur á Ströndum og þrjá mánuði til viðbótar í árslok við skönnun og skráningu ljósmynda í tengslum við samstarfsverkefni með ASÍ og Þjóðminjasafni Íslands.

Einnig var Orri Jónsson þjóðfræðinemi starfsmaður setursins yfir sumarið, í verkefni um dagbækur sem varðveittar eru í söfnum á landsvísu, en það verkefni var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna 2022. Þá var samstarf við Jamie Lee hönnuð og frumkvöðul á Ströndum um nýsköpunarsjóðsverkefni með yfirskriftinni *The full story*, og var Jón Jónsson meðleiðbeinandi í því. Að verkefninu unnu Svava Þorsteinsdóttir listaháskólanemi og Arndís Dögg Jónsdóttir þjóðfræðingur sem var að ljúka MA-námi í upplýsingatækni.

Gestafræðimenn nýttu aðstöðu Rannsóknasetursins á Hólmavík. Matthias Egeler, fræðimaður við Ludwig-Maximilian háskólann í München, dvaldi í tvo mánuði við rannsóknir sem tengjast örnefnum, menningarlandslagi og þjóðtrú. Norskur meistaranemi, Oline Thronsdottir Jahren, dvaldi hjá setrinu í rúman mánuð, sinnti vettvangsathugunum og tók viðtöl í tengslum við rannsókn sína um huldufólk og þjóðtrú. Doktorsnemarnir Dagrún Ósk Jónsdóttir og Áki Guðni Karlsson nýttu aðstöðuna til að vinna að sínum rannsóknum í ró og næði á Ströndum og fleiri fengu skrifborð og stól í styttri tíma. Dagrún Ósk varði doktorsritgerð sína: *Trapped within Tradition: Women, Femininity and Gendered Power Relations in Icelandic*

Folk Legends, um sumarið og tók að venju þátt í ýmsum miðunarverkefnum með setrinu á árinu.

Lykilverkefni í rannsóknum setursins á árinu 2022 voru vinna með dagbækur fyrri alda, gamlar ljósmyndir, íslenska þjóðtrú og örnefni og menningarlandslag.

Áhugaverð og spennandi samstarfsverkefni voru í gangi. Samstarf er við Árnastofnun um skráningu á viðtölum við Vesturfara inn á Ismus.is og unnið var að stóru samstarfsverkefni um gamlar ljósmyndir með Sauðfjársetri á Ströndum sem er viðurkennt safn og menningarmiðstöð í héraðinu. Einnig var gefin út bók með Sauðfjársetrinu á árinu, *Myndir og minningar á Ströndum*, sem Dagrún Ósk Jónsdóttir, Eiríkur Valdimarsson og Jón Jónsson ritstýrðu. Þetta er þriðja árið í röð sem þessir aðilar gefa út bók saman. Einnig var bókinn *Strandir 1918: Ferðalag til fortíðar* sem kom fyrst út 2020 endurútgefin á árinu, lítið eitt endurbætt.

Unnið er að verkefni um Verndarsvæði í byggð á Hólmavík í samvinnu við sveitarfélagið Strandabyggð sem fékk til þess styrk frá Húsafríðunarsjóði. Í tengslum við það aðstöðuðu Eiríkur og Jón fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga við rannsókn og skráningarverkefni í nágrenni Hólmavíkur. Einnig hefur verið í gangi síðustu árin viðamikil samstarfsverkefni við Grunnskólann á Hólmavík og Galdrasýninguna á Hólmavík sem hefur yfirskriftina *Galdur og þjóðtrú* og margvísleg skemmtileg verkefni hafa verið unnin innan vébanda þess.

Samstarf við samfélagið á Ströndum er umtalsvert og hefur verið það frá stofnun setursins. Það tekur jafnan virkan þátt í hátíðahöldum á svæðinu og á árinu 2021 má nefna hátíðirnar Vetrarsól á Ströndum í janúar, Hörnungadaga í febrúar og Náttúrubarnahátíð í júlí.

Heima fyrir stóð Rannsóknasetrið sjálfst fyrir þjóðtrúarkvöldvöku með

Sauðfjársetri á Ströndum: *Þjóðtrú á ferð og flugi – Draugar, útilegumenn og óvæntir gestir!* Einnig var boðið upp á Vísindakaffi og fróðleik um fornleifar og örnefni í nágrenni Hólmavíkur í tengslum við Vísindavöku Rannís. Setrið tók svo einnig þátt í vökunni sjálfri í Laugardalshöll og var með kynningarbás. Tókst sú kynning ljómandi vel.

Starfsmenn tóku virkan þátt í fleiri ráðstefnum. Viðamest var norræna þjóðfræðiráðstefnan sem haldin var í Reykjavík og hafði yfirskriftina RE:22. Einnig var ferðast innanlands á Þjóðarspegilinn og Farskóla safnanna á Hallormsstað. Aukin áhersla var lögð á samtal við samfélagið og voru allmargir pistlar birtir á vefsíðum og samfélagsmiðlum. Landinn heimsótti okkur til að gera innslag um álagabletti, fréttamaðurinn Magnús Hlynur hjá Stöð 2 tók viðtöl við starfsfólkið um ólík verkefni og rætt var um þjóðtrú og sagðar sögur í heimildamyndinni *Tímar tröllanna* sem Ásdís Thoroddsen gerði og frumsýnd var um haustið. Einnig voru birt viðtöl við starfsfólk Rannsóknasetursins í hlaðvarpsrypinum *Þjóðhættir og Sveitasíminn*.

Eiríkur Valdimarsson og Jón Jónsson héldu um haustið þriggja kvölda námskeið fyrir almenning á Hólmavík: *Heimildir um fjölskyldusögu og ritun endurminninga*. Það var vel heppnað og þátttakan fín. Eins sáu þeir um gestakennslu um þjóðsögur, þjóðtrú og fleira, á leikskóla-, grunnskóla- og háskólastigi og leiðsögn og móttöku skólahópa á sögusýninguna *Hvítabirnir í heimsókn*. Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson sömdu texta fyrir sögusýningu með yfirskriftinni *Jólafélín* í samvinnu við Árbæjar-safn og Jón setti upp í Sævangi sögusýninguna *Hvítabirnir í heimsókn*, í samvinnu við Sauðfjársetrið og önnur viðurkennd söfn á Vestfjörðum. Sýningin verður í framhaldinu sett upp víðar á Vestfjörðum.

Áhersla er lögð á gott samstarf milli setursins og námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði við Háskóla Íslands og Jón Jónsson hefur þar stöðu aðjunkt. Gestakennsla á háskólastigi var bæði í þjóðfræðinni, hjá Hagnýtri menningarmiðlun á Hugvísindasviði HÍ og Háskólasetri Vestfjarða.

BÆKUR

- Ritstj. Dagrún Ósk Jónsdóttir, Eiríkur Valdimarsson og Jón Jónsson (2022). *Myndir og minningar af Ströndum*. Útg. Sauðfjársetur á Ströndum og Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa, Strandir.
- Ritstj. Dagrún Ósk Jónsdóttir (2022). *Strandir 1918. Ferðalag til fortíðar*.

2. útgáfa. Útg. Sauðfjársetur á Ströndum og Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa, Strandir.

SKÝRSLUR

- Arndís Dögg Jónsdóttir og Svava Þorsteinsdóttir (2022). *The full story: Dynamic cultures of the Westfjords*. Lokaskýrsla fyrir Nýsköpunarsjóð námsmanna. Fine Foods Íslandica og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofa. [18 bls.]
- Orri Jónsson og Jón Jónsson (2022). *Dagbókarverkefnið*. Lokaskýrsla fyrir Nýsköpunarsjóð námsmanna. Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa. [8 bls.]

BÓKAKAFLAR OG FRÆDIGREINAR

- Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson (2022). Skógjafir: Jólaveinin kemur í kvöld ... Á Þjóðtrúarvefnum thjodtru.is, birt 23. des.
- Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson (2022). Undirbúningur jólanna: Hefðir og breytingar. *Kreddur – vefrit í þjóðfræði*, birt 22. des.
- Guðlaug G.I. Bergsveindóttir (2022). Örnin gegnum aldirnar: kynskipting, nærnir og opinn þarfagangur. *Kreddur – vefrit í þjóðfræði*, birt 4. apríl.
- Eiríkur Valdimarsson (2022). Kraftur tímamótanna: Þjóðtrú á þrettánda degi jóla. Á Þjóðtrúarvefnum thjodtru.is, birt 6. jan.
- Jón Jónsson (2022). Bernskuminningar. Í *Myndir og minningar af Ströndum*. Ritstj. Dagrún Ósk Jónsdóttir, Eiríkur Valdimarsson og Jón Jónsson. Sauðfjársetur á Ströndum og Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa, Strandir, s. 65-71.
- Jón Jónsson (2022). Listir og menning á Ströndum. Í *Nr. 4. Umhverfing*. Ritstj. Anna Eyjólfs, Þórdís Alda Sigurðardóttir og Ragnhildur Stefánsdóttir. Akadémía skynjunarinnar, Reykjavík, s. 128-133.
- Jón Jónsson og Dagrún Ósk Jónsdóttir (2022). Gleði og gláumur á gamlárskvöld! Á Þjóðtrúarvefnum thjodtru.is, birt 30. des.
- Matthias Egeler (2022). Magic, Fish, and Material Ecocriticism. Í Anna Katharina Heiniger; Rebecca Merkelbach; Alexander Wilson (ritstj.): *Páttasýra – Studien zu Literatur, Kultur und Sprache in Nordeuropa. Festschrift für Stefanie Gropper*. (=Beiträge zur Nordischen Philologie 72), Narr Francke Attempto Verlag, Tübingen, s. 301-307.
- Matthias Egeler (2022). The Grave Mound of a Saga Hero: a Case Study in Context and Continuity between Grettis saga and Modern Folklore. Í *Religionsvidenskabeligt Tidsskrift* 74, s. 705-725.
- Matthias Egeler og Carola Lentz (2022). Things that Place Names do: Comparative Perspectives from West Africa and Iceland. Í *Anthropos* 117, s. 453-466.





PISTLAR Á ÞJÓÐTRÚARVEFNUM, thjodtru.is

- Eiríkur Valdimarsson (2022). 184 orð yfir vind. 17. mars.
- Eiríkur Valdimarsson (2022). Brígitarmessa. 1. feb.
- Eiríkur Valdimarsson (2022). Dýr sem spá í veðrið. , 7. nóv.
- Eiríkur Valdimarsson (2022). Er alltaf rigning á 17. júní? 16. júní.
- Eiríkur Valdimarsson (2022). Höfuðdagurinn 29. ágúst. 30. ágúst.
- Eiríkur Valdimarsson (2022). Janúarkuldinn mikli 1918. 14. des.
- Eiríkur Valdimarsson (2022). Kyndilmessa. 2. feb.
- Eiríkur Valdimarsson (2022). Næmni fyrir veðrabrigðum. 29. apríl.
- Eiríkur Valdimarsson (2022). Spáð í garnir. 12. ágúst.
- Eiríkur Valdimarsson (2022). Sumarmál. 6. apríl.
- Eiríkur Valdimarsson (2022). Veðurspár á jólum. 29. nóv.
- Jón Jónsson (2022). Grýluörnefni á Ströndum. 10. des.
- Jón Jónsson (2022). Heilladys á Bjarnarnesi. 4. okt.
- Jón Jónsson (2022). Jólaveinar og páskadísir á Ströndum. 14. des.
- Jón Jónsson (2022). Steingrímur – jólasveinn á Ströndum. 20. des.
- Jón Jónsson (2022). Stúlkan og hrafinn. 4. okt.
- Jón Jónsson (2022). Svartafliót – alagahylur í Ósá á Ströndum. 4. okt.

FYRIRLESTRAR


- Arndís Dögg Jónsdóttir (2022). Samfélagsleg þátttaka á Vestfjörðum. Í Vísindaporti Háskólaseturs Vestfjarða, Ísafirði, 2. des.
- Dagrún Ósk Jónsdóttir (2022). Bókakynning: Myndir og minningar. Á Útgáfuhátíð á Sauðfjarsetrinu í Sævangi, 10. des.
- Dagrún Ósk Jónsdóttir (2022). Dularfull fortíð bollu-, sprengi- og öskudagsins. Á Hörmungadögum, á Sauðfjarsetrinu í Sævangi, 27. feb.
- Dagrún Ósk Jónsdóttir (2022). Konur fara á fjöll: Smalastúlkur og útilegumenn í íslenskum þjóðsögum. Á kvöldvökunni: Þjóðtrú á ferð og flugi – Draugar, útilegumenn og óvæntir gestir! á Sauðfjarsetrinu í Sævangi, 10. sept.
- Eiríkur Valdimarsson (2022). Draugar fær heimprá: Af þvælingi þjóðtrúar til Vesturheims. Á kvöldvökunni: Þjóðtrú á ferð og flugi – Draugar, útilegumenn og óvæntir gestir! á Sauðfjarsetrinu í Sævangi, 10. sept.
- Eiríkur Valdimarsson (2022). Ferðast milli heima: Af Vesturheimsferðalögum fólks og forneskju. Í málstofunni: Þjóðsagnir og menningararfur I, á Þjóðarspeglinum XXIII í Háskóla Íslands, 28. okt.
- Eiríkur Valdimarsson (2022). Sólarcaffi. Á Kvöldvöku Sauðfjarsetursins á hátíðinni Vetrarsól á Ströndum, 29. jan.
- Eiríkur Valdimarsson og Jón Jónsson (2022). Gömlu húsin á Hölmavík. Á Vísindakaffi Rannís, í Hnyðju á Hölmavík, 29. sept.
- Guðlaug G.I. Bergsveinsdóttir (2022). Hryllingsögur af örnum og ógur-

legum uppátækjum þeirra. Á hátíðinni Hörmungadagar, í Hnyðju á Hölmavík, 25. feb.

- Guðlaug G.I. Bergsveinsdóttir (2022). The leader-sheep as a legendary creature: re-evaluating the role of the leader-sheep as a cultural symbol. Á Nordic Ethnology and Folklore conference RE:22, Reykjavík, 15. júní.
- Guðlaug G.I. Bergsveinsdóttir (2022). „Þú ert heimskur og latur og feitur eins og hann pabbi þinn“ – Erindi um forystufé. Á Ólafsdalshátíð, Ólafsdal, 16. júlí.
- Guðlaug G.I. Bergsveinsdóttir (2022). „Þær finna að þær eru öðruvísi en hinar kindurnar“ – Rannsókn á viðhorfum til forystufjár. Í málstofunni: Þjóðsagnir og menningararfur II, á Þjóðarspeglinum XXIII í Háskóla Íslands, 28. okt.
- Jón Jónsson (2022). Óáþreifanlegar sögur og menningararfur í landslaginu. Á ársfundi Stofnunar rannsóknasetra HÍ og 20 ára afmælistálfingi Rannsóknaseturs HÍ á Hornafirði, Nýheimum á Höfn, 23. mars.
- Jón Jónsson (2022). Skemmtikraftar og skaðræðisgripir – sögur af föruþólki. Í Gránu, miðstöð lífandi tónlistar og menningar, á Sauðárkróki, 20. nóv.
- Jón Jónsson (2022). Viðbrögð við óvelkomnum gestum: Heimsóknir villidýra, vætta og annars óþjóðalyðs. Á kvöldvökunni: Þjóðtrú á ferð og flugi – Draugar, útilegumenn og óvæntir gestir! á Sauðfjarsetrinu í Sævangi, 10. sept.
- Jón Jónsson (2022). Örnefni, sagnir og sambúð manns og náttúru. Í málstofunni: Þjóðsagnir og menningararfur II, á Þjóðarspeglinum XXIII í Háskóla Íslands, 28. okt.
- Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson (2022). Örnefni og fornleifar í nágrenni Hölmavíkur. Á opinni Vinnustofu um örnefni, í Hnyðju á Hölmavík, 19. okt.
- Svava Þorsteinsdóttir og Arndís Dögg Jónsdóttir (2022). Samfélagsleg þátttaka íbúa á Vestfjörðum. Í málstofunni: Atvinnulíf, kyn og samfélagsleg þátttaka, á Þjóðarspeglinum XXIII í Háskóla Íslands, 28. okt.

SÝNINGAR

- Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson (2022). Jólafólin. Sögusýning á Árbæjarsafni. Myndskreytt af Sunnevu Guðrúnu Þórðardóttur. Opnuð 11. des., hluti af jólasýningu Árbæjarsafnsins.
- Jón Jónsson (2022). Hölmavíkurmýndir. Gamlar ljósmyndir frá Hölmavík. Myndir úr safni Karls E. Loftssonar, Þórarins Reykdal og Hjálmtýs Heiðdal, í Hnyðju, Þróunarsetrinu á Hölmavík, á hátíðinni Vetrarsól á Ströndum, 27-30. janúar 2022.
- Jón Jónsson (2022). Hvítabirnir í heimsókn. Sögusýning á Sauðfjarsetrinu í Sævangi, opnuð formlega á Hamingjudögum á Hölmavík, 26. júní 2022.




STOFNUN RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS

Markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands er m.a. að stuðla að rannsóknum, menntun og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélög setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin af mörkum við að efla

tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Viðfangsefni rannsóknasetranna eru afar fjölbreytt en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, hreindýr, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði, fornleifafræði og þjóðfræði.

STARFSSTÖÐVAR STOFNUNAR RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS





RANNSÓKNASETUR HÍ Á NORÐURLANDI VESTRA

Rannsóknasetrið er til húsa í gamla Kaupfélagshúsinu á Skagaströnd og tók þar formlega til starfa árið 2010. Þar eru einkum stundaðar rannsóknir í sagnfræði og skyldum greinum. Á setrinu er bókasafn Halldórs Bjarnasonar til húsa. Þar er boðið upp á vinnuáðstöðu sem meðal annars er nýtt í samvinnu við ljósmyndasafn sveitarfélagsins og listamiðstöðina Nes.

Forstöðumaður setursins er dr. Vilhelm Vilhelmsson sagnfræðingur en auk hans starfa tímabundið við setrið Harpa Rún Ásmundsdóttir í starfi verkefnisstjóra og Ása Ester Sigurðardóttir í starfi sérfræðings. Þórunn Þorsteinsdóttir var jafnframt í tímabundnu hlutastarfi sem sérfræðingur en lauk störfum í árslok 2022.

Vinna við verkefnið „Gagnagrunnur sáttanefndabóka 1798–1936“ hélt áfram á árinu, en fyrirhuguð verklok eru 2024. Um er að ræða fimm ára verkefni sem unnið er í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og felst í að koma varðveittum sáttabókum frá tímabilinu á veflaegt form ásamt því að efnisskrá bækurnar og útbúa leitarbæran gagnagrunn um innihald þeirra. Björn Rúnar Guðmundsson tók við starfi verkefnisstjóra haustið 2021 en lauk störfum í mars 2022. Harpa Rún Ásmundsdóttir tók við starfinu um sumarið eftir að hafa gegnt starfi sérfræðings í sama verkefni um nokkurt skeið. Ása Ester Sigurðardóttir hóf störf sem sérfræðingur við sama verkefni í desember. Verkefnið er fjármagnað að stærstum hluta með veglegum styrk úr sjóði tengdum stefnumótandi byggðaaætlun samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins en það hefur einnig hlotið styrki úr öðrum sjóðum, m.a. væna styrki úr Innviðasjóði. Tveir sumarstarfsmenn voru við Rannsóknasetrið árið 2021. Ása Ester Sigurðardóttir og Unnur Helga Vífilisdóttir, nemandi í sagnfræði við HÍ, störfuðu við skráningu sáttabóka úr Rangárvallasýslu á grundvelli styrks úr Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Vilhelm á aðild að alþjóðlega verkefninu Worlds of Related Coercions in Work (WORCK) sem hlaut á árinu 2019 veglegan COST Action styrk til fimm ára. Vilhelm situr í miðstjórn verkefnisins og leiðir einn af vinnuhópum þess. Verkefninu er ætlað að skapa öflugt tengslanet fræðimanna sem vinna með þvingaða atvinnu í sögulegu samhengi. Því fylgja tíðir vinnufundir, ráðstefnur um tengd málefni, samvinna við ritun fræðigreina og sameiginlegar útgáfur á greinasöfnum og sérheftum tímarita. Í tengslum við verkefnið vinnur Vilhelm að ritstjórn einnar bókar og eins sérheftis í samstarfi við fræðimenn víða um Evrópu.

Vilhelm vinnur áfram að rannsóknum á heimi vistarbandsins, á hugmyndaheimi íslenskra innflytjenda í Vesturheimi um aldamótin 1900 og ýmsu öðru. Einn ritrýndur bókarkafli eftir Vilhelm kom út á árinu. Vilhelm sat í doktorsnefnd Sólveigar Ólafsdóttur, en hún varði doktorsritgerð sína í júní á þessu ári. Einnig gegndi hann hlutverki andmælanda við doktorsvörn Dalrúnar K. Eygerðardóttur sagnfræðings í sama mánuði. Loks gegnir

Vilhelm enn starfi ritstjóra *Sögu*, sem er fremsta fagfímarit sagnfræðinga á Íslandi og kemur út tvisvar á ári. Allt starfsfólk Rannsóknasetursins tók þátt í 5. Íslenska söguþinginu, sem haldið var í Reykjavík í maí, og flutti þar erindi um rannsóknir sínar.

ÚTGEFIN RIT

Vilhelm Vilhelmsson. 2022. „Proving Their Worth: Icelanders and the Winnipeg Labour Movement, 1890–1900.“ Í *Exploring Canada: Exploits and Encounters*. Ritstj. Gerd Bjorhovde og Janne Korkka. Études Canadiennes – Canadian Studies 36. Brussels: Peter Lang, bls. 237-256.

SKÝRSLUR

Ása Ester Sigurðardóttir og Unnur Helga Vífilisdóttir, „Sáttanefndir í Rangárvallasýslu 1798–1936“. Lokaskýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Umsjónarmaður: Vilhelm Vilhelmsson.

Harpa Rún Ásmundsdóttir, „Sáttanefndir og störf þeirra í Reykjavík 1814–1936“. Áfangaskýrsla í verkefninu Gagnagrunnur sáttanefndabóka. Umsjón: Vilhelm Vilhelmsson.

Harpa Rún Ásmundsdóttir, „Sáttanefndir og störf þeirra í Austur- og Vestur-Skaftafellssýslum 1798–1936“. Áfangaskýrsla í verkefninu Gagnagrunnur sáttanefndabóka. Umsjón: Vilhelm Vilhelmsson.

FYRIRLESTRAR

Vilhelm Vilhelmsson, „Paperless and masterless: Passports, permits, and labour (im)mobility in Iceland, ca. 1780-1860“ á ráðstefnunni Nordic Labour History Conference, Kaupmannahöfn, 26.-30. janúar 2022.


Vilhelm Vilhelmsson, „(In)sincere apologies: Negotiating master-servant relations in arbitration courts in nineteenth-century Iceland“ á málþinginu Coercive Archives: Labour Coercion in the Courtroom and Its Afterlives, Istanbul, 10.-11. september 2022.

Vilhelm Vilhelmsson, „Baslað við búskap: Húsmennska og heimilishald í gamla sveitasamfélaginu“ á málþinginu Áhrif byggðasöguritunar við Háskólann á Hólum 30. september 2022.

Vilhelm Vilhelmsson, „Lausamennskubannið 1783: Tilurð, tilgangur, túlkun,“ í málstofunni Utan vistarbands: Vinnandi fólk á 18. og 19. öld á ráðstefnunni 5. Íslenska söguþingið, Háskóla Íslands, 19.-21. maí 2022

Þórunn Þorsteinsdóttir, „Lausamenn í Akureyrarkaupstað á fyrri hluta nítjándu aldar,“ í málstofunni Utan vistarbands: Vinnandi fólk á 18. og 19. öld á ráðstefnunni 5. Íslenska söguþingið, Háskóla Íslands, 19.-21. maí 2022

Harpa Rún Ásmundsdóttir, „Heiðraða hreppsnefnd Súðavíkurhrepps: Atvinnulöggjöfin og brottrekstur þurrabúðarfólks úr Súðavíkurhreppi á síðari hluta nítjándu aldar,“ í málstofunni Utan vistarbands: Vinnandi fólk á 18. og 19. öld á ráðstefnunni 5. Íslenska söguþingið, Háskóla Íslands, 19.-21. maí 2022.





RANNSÓKNASETUR HÍ Á HÚSAVÍK

Við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík eru aðallega stundaðar rannsóknir á sjávarspendýrum. Setrið var stofnað haustið 2007 og forstöðumaður þess er dr. Marianne Helene Rasmussen, líffræðingur og sérfræðingur í sjávarspendýrum. Auk hennar voru tveir starfsmenn í hlutastörfum allt árið, Egill Aðalgeir Bjarnason í starfi skipstjóra, auk þess að sinna öðrum fjölbreyttum verkefnum sem til falla við setrið, og dr. Charla Basran sem nýdoktor. Maria Glarou er doktorsnemi við rannsóknasetrið. Hún hagnýtir dróna við rannsóknir sínar og er titill doktorsverkefnis hennar „Life in a cold-water environment: allometric adaptations of cetaceans in Skjálfandi Bay, Iceland“. Að auki starfaði doktorsneminn Tatiana Marchon að rannsóknum á háhyrningum sem hún vinnur við rannsóknasetrin á Húsavík og í Vestmannaeyjum.

Setrið tók einnig þátt í rannsókn um áhrif nýrrar tækni við olúleit á steypireyðar og hnúfubaka og samskipti þeirra. Sérstakir hljóðnemar voru

festir á dýrin með sogskálum og hljóðbylgjur sendar frá magnara um borð í bát rannsakenda. Viðbrögð dýranna voru mæld í kjölfarið og áhrif hljóðsins metin. Verkefnið var fjármagnað af þýska umhverfisráðuneytinu og unnið í samstarfi við Háskólann í Hannover.

Vinna hófst við verkefnið Arctic Sense, sem styrkt er af Nordplus en markmið þess er að búa til kennsluefni fyrir börn með aðstoð sýndarveruleika. Þrjú skólar, á Húsavík, í Danmörku og Noregi, taka þátt í verkefninu, auk Hvalasafnsins á Húsavík, Norðursjávarsafnsins í Danmörku og Hvalsafari Andenes í Noregi. Myndbandsefni var safnað í leiðangri rannsóknaskútunnar Barba (barba.no) til Svalbarða sumarið 2021, en einnig verður notað efni sem safnað var í heimsókn Barba til Húsavíkur árið 2019. Styrkur frá Háskóla Íslands á sviði samfélagsvirkni fékkst til verkefnisins og var nýttur til að ráða Alyssu Stoller í tvo mánuði til að undirbúa sýningu í Hvalasafninu og prufukeyra námsefni í Borgarhólsskólanum á Húsavík.





Um vorið var komið fyrir búnaði fyrir hljóðupptökur í Skjálfandaflóa og undan Vestmannaeyjum í samvinnu við rannsóknasetrið þar. Markmið verkefnisins er að kanna hljóð steppireyða og langreyða á þessum tveimur svæðum. Um sumarið var öðru hljóðupptökutæki komið fyrir á Skjálfanda og verður það notað í ýmsum rannsóknum og nemendaverkefnum.

Rannsóknasetrið starfar sem fyrr í nánu samstarfi við Hvalasafnið á

Húsavík. Á árinu unnu stofnanirnar m.a. að greiningu ljósmynda sem nemendur, starfsnemar og sjálfbóðaliðar tóku í siglingum hvalaskoðunarbáta frá Húsavík.

Sumarnámskeiðið *Studying Marine Mammals in the Wild* haldið á Húsavík í samstarfi við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands í júní. Námskeiðið sóttu 35 nemendur frá 14 þjóðlöndum. Marianne Rasmussen



var meðleiðbeinandi fjögurra doktorsnema og átta meistaranema á árinu. Charla Basran var meðleiðbeinandi fjögurra meistaranema. Alls unnu 29 erlendir nemar að fjölbreyttum verkefnum við setrið árið 2022, nokkrir þeirra sem starfsnemar. Í flestum tilvikum var um að ræða verklegan hluta náms þeirra við erlenda háskóla. Nemarnir dvöldu á Húsavík í nokkra mánuði í senn og höfðu aðstöðu í húsnæði á vegum setursins.

Setrið hefur umsjón með og sér um rekstur á bát í eigu Háskóla Íslands, Arcpath, en hann nýttist afar vel við kennslu og ýmis rannsóknaverkefni á árinu. Rannsóknasetrið á Húsavík á gott samstarf við sveitarfélagið Norðurþing, sem hefur reynt mikilvægur bakbjarl, m.a. við að útvega húsnæði fyrir erlenda háskólanema.

RITASKRÁ

Albrecht, S, Jung, JL, Lémeray-Peissik, D, Lazar, L, Baithe, M, Eider, D and Rasmussen, MH (2022). Minke whales' distribution dependence on food, their small-scale site fidelity in North Iceland and its implications regarding a distribution shift northward in the Atlantic. *Marine Biology Research*, DOI: [10.1080/17451000.2021.2016839](https://doi.org/10.1080/17451000.2021.2016839)

Laute, A, Grove, T, Rasmussen, MH, Smith, A, Loisa, O, Fournet, MEH (2022). Impact of whale-watching vessels on humpback whale calling behavior on an Icelandic foraging ground during the Covid-19 pandemic. *Mar. Ecol. Prog. Ser.* 701: 159–173, <https://doi.org/10.3354/meps14202>

Malinauskaite, L, Cook, D, Davidsdóttir, B, Karami, MP, Koenigk, T, Kruschke, T, Ögmundardóttir, H and Rasmussen, M (2022). Connecting the dots: An interdisciplinary perspective on climate change effects on whales and whale watching in Skjálfandi Bay, Iceland. *Ocean and Coastal Management* 226: 106274, <https://doi.org/10.1016/j.ocecoaman.2022.106274>

Ovide, B.G., Cirino, E., Basran, C.J., Geertz, T., & Syberg, K. (2022). Assessment of prevalence and heterogeneity of meso- and microplastic pollution in Icelandic waters. *MDPI Environments* 9(12): 150, <https://doi.org/10.3390/environments9120150>

Selbmann, A, Basran, CJ, Bertulli, CG, Hudson, T, Mruszok, M-T, Rasmussen, MH, Rempel, JN, Scott, J, Svarvarsson, J, Wensveen, PJ, Whitaker, M and Samarra, FIP (2022). Occurrence of long-finned pilot whales (*Globicephala melas*) and killer whales (*Orcinus orca*) in Icelandic coastal waters and their interspecific interactions. *Acta ethologica* <https://doi.org/10.1007/s10211-022-00394-1>



KYNNINGAR

- Basran, C (2022). The issues with plastics big and small: from large whale entanglement to tiny microplastic pollution in Iceland. Online lecture at: H-whale 1st International meeting of Islands, Whales and People, Horta, Azores, Portugal
- Basran, C and Rasmussen, M (2022). The whales we know: the photo-identification catalogues and international matches of the University of Iceland's Húsavík Research Center. Whale congress, Húsavík, Iceland
- Basran, C (2022). The benefit of longterm databasing in Skjálfandi Bay, Iceland. ICYMARE, Bremerhaven, Germany
- Glarou, M (2022). Life in a cold-water environment: allometric adaptations of cetaceans in Skjálfandi Bay, Iceland. Whale congress, Húsavík, Iceland
- Marchon, T, Rasmussen, M and Samara, F (2022). *The movement patterns of killer whales within and outside herring grounds in Iceland*. Speed talk, ECS conference, online
- Maurer, N, Baltzer, J, Iwata, T, Akamatsu, T, Lucke, K, Rasmussen, MH, Schnitzler, J, Siebert, U (2022). Simulated marine vibroseis sounds disrupt feeding behaviour of blue whales
- Pisco, MGRL and Basran, C (2022). Close encounters of the twisted kind: Implications of non-lethal entanglement and parasite load on Icelandic minke whales using scar-based analysis. Whale Congress, Húsavík Whale congress, Húsavík, Iceland
- Pisco, MGRL, Maas, D, Rasmussen M and Basran, C (2022). Close encounters of the twisted kind: Implications of non-lethal entanglement and parasite load on Icelandic minke whales using scar-based analysis. ICYMARE, Bremerhaven, Germany
- Rasmussen, MH (2022). Erfaringer fra Island: Hval-safari og guidelines. Dansk havforskermöde, Aalborg, Denmark
- Rasmussen, MH (2022). Whale watching and guide-lines: Examples from Húsavík, Iceland. Online lecture at: H-whale 1st International meeting of Islands, Whales and People, Horta, Azores, Portugal

VEGGSPJÖLD

- Baltzer, T, Iwata, T, Akamatsu, T, Lucke, K, Rasmussen, M-H, Wahlberg, M, Schnitzler, JG, Siebert, U (2022). Effect evaluation of marine vibratory signals on blue whale vocalizations. Marine Mammal Conference, Florida, USA
- Glarou, M, Laute, A, Dodds, F, Groove, T, Stoller, A and Rasmussen, M (2022). Stay behind - Not high above. Underwater noise level of three drones measured at various horizontal and vertical distances. Marine Mammal conference. Florida, USA
- Kring, BM, Rasmussen, MH, Luisa, O (2022). Presence of harbor porpoises in the Westfjords, Iceland. Dansk havforskermöde, Aalborg, Denmark





RANNSÓKNASETUR HÍ Á AUSTURLANDI

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi er staðsett á Egilsstöðum og er forstöðumaður þess Unnur Birna Karlsdóttir. Við rannsóknasetrið hafa einkum verið stundaðar umhverfis- og byggðasögulegar rannsóknir. en fornleifarannsóknir bættust við á árinu 2022 þegar Rannveig Þórhallsdóttir, doktorsnemi í fornleifafræði við Háskóla Íslands, var ráðin verkefnastjóri til tveggja ára.


Umhverfis- og byggðasögulegar rannsóknir á árinu beindust m.a. að samfélagsþróun á Austurlandi á tímabilinu 1800-2022, fiskeldi í sjó á Austfjörðum, auk fleiri verkefna. Unnur Birna var við rannsóknir í Kaupmannahöfn í mars og apríl og dvaldi í fræðimannsbúð í Jónshúsi, og í Davíðshúsi á Akureyri í desember.

Fornleifarannsóknir Rannveigar Þórhallsdóttur voru í Seyðisfirði, í Firði og á Skálanesi. Á haustmisseri vann Rannveig að doktorsrannsókn sinni „Árþúsund við Atlantshaf“ og var við rannsóknir við Earlham College í

Richmond, Indiana í Bandaríkjunum. Þar fékk hún aðstoðu í rannsóknarstofum við líffræðideild háskólans til að vinna að forn-DNA rannsóknum í samstarfi við fræðimenn við háskólann og nemendur í lífvísindum og forritum.

Rannsóknasetrið fékk styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að ráða háskólanema í verkefnið „Kortlagning fornra þingstaða og kirkjuminja“ sumarið 2022. Verkefnið var unnið í samstarfi við Ragnheiði Traustadóttur fornleifafræðing hjá Antikva og Knut Paasche hjá Norsk institutt for kulturminneforskning (NIKU). Þing- og kirkjustaðir á svæðinu voru skoðaðir með það að markmiði að kortleggja minjar og kanna með LIDAR-skanna og jarðsjám.

Framhald varð á samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands um gagnaöflun við verkefnið „Glæpur og refsing í Múlaþingi á 18.-19. öld. Lokið var við gagnaöflun og skýrslu fyrir verkefnið „verndarsvæði í byggð“ í þéttbýli





Egilsstaða, sem Rannsóknasetrið vann fyrir sveitarfélagið Múlaþing.

Rannsóknasetrið átti frumkvæði að fyrirlestraröð með mánaðarlegum fyrirlestrum undir yfirskriftinni „Nýjustu fræði og vísindi á Austurlandi“ í samstarfi við Gunnarsstofnun, Hallormsstaðaskóla, Héraðsskjalasafn Austurlands, Minjasafn Austurlands og Sögufélag Austurlands, og voru tveir fyrirlestrar haldnir fyrir áramót. Verkefnisstjórn er í höndum forstöðumanns rannsóknasetursins en fyrirlesarar eru vísindafólk á sviði hug-, félags-, og raunvísinda, starfandi innan og utan Austurlands.

Forstöðumaður setursins sat í stjórn nokkurra verkefna og félaga eins og við á í tengslum við starfsemi rannsóknasetrana á landsbyggðinni þar sem markmiðið í starfseminni er ekki aðeins að sinna rannsóknum heldur einnig að vinna að rannsóknaverkefnum og samfélagslegum verkefnum á ýmsum sviðum, í samstarfi við félög og stofnanir á Austurlandi. Rannveig Þórhallsdóttir sat undirbúningsfundi vegna sýninga um Solander 250 verkefnið með sendiherra Svíþjóðar, Per Ahlberger, í apríl og tók á móti kanadíska sendiherranum Jeannette Menzies í lok apríl.



RITASKRÁ

Unnur Birna Karlsdóttir, „Grænn femínismi: Vistfemínískir þræðir í íslenski umhverfispólitík“, *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar* 20:2 (2022), bls. 141–161.

SKÝRSLUR

Rúna K. Tetzschner: „Kirkjustaðir á Austurlandi. Fornleifaskráning og jarðsjármælingar“, ritstj. Ragnheiður Traustadóttir (Reykjavík: Antikva, 2022), Lokaskýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Umsjónarmaður: Unnur Birna Karlsdóttir.

Unnur B. Karlsdóttir, „Egilsstaðir; gamla hverfið á ásnum. Verndarsvæði í byggð – Tillaga og greinargerð.“

Unnur B. Karlsdóttir, „Drög að skilmálum um verndun og uppbyggingu innan verndarsvæðis í byggð; gamla hverfið á ásnum á Egilsstöðum.“ Veggjöld nr. 1–8.

Unnur B. Karlsdóttir, „Húsakönnun – Egilsstaðir. Gamla hverfið á ásnum.“



FYRIRLESTRAR

Rannveig Þórhallsdóttir, „A Millennium by the Atlantic Ocean: Exploring Viking Settlements in East Iceland via Archaeology and Ancient DNA.“ Fyrirlestur haldinn 27. október 2022 við líffræðideild háskólans Earlham College í Richmond, Indiana, Bandaríkjunum.





RANNSÓKNASETUR HÍ Á BREIÐDALSVÍK

Á rannsóknasetrinu eru einkum stundaðar rannsóknir á jarðfræði Íslands. Setrið starfar náið með Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) að uppbyggingu borkjarnasafns NÍ, sem er til húsa á Breiðdalsvík. Í húsnæðinu eru einnig sýningar frá Breiðdalsetri um jarðfræðinginn George Walker og málvísindamanninn Stefán Einarsson, sem báðir höfðu sterk tengsl við Breiðdal.

Stærstan hluta ársins var einn starfsmaður við setrið, María Helga Guðmundsdóttir verkefnisstjóri, sem einnig starfar á borkjarnasafni NÍ. Auk hennar starfaði Arna Silja Jóhannsdóttir sem verkefnisstjóri yfir sumartímann eins og undanfarin ár og sá m.a. um móttöku safngesta og uppsetn-

ingu viðburða. Þá fékk Dani Davis, meistaranemi við University College London, vinnuástöðu á setrinu um tíma. Tobias B. Weisenberger lét af störfum sem forstöðumaður snemma árs og hvarf til annarra verkefna.

Setrið leggur sérstaka áhersla á fræðslu í nærsamfélaginu og samstarf við borkjarnasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Nemendur í efstu bekkjum Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla fengu að kynna jarðfræði heimabyggðar sinnar í mars, bæði með tilraunum og vettvangsferð. Opnuð var ný sumarsýning, *Borkjarnar: Skyggst undir yfirborðið*, í samstarfi við Náttúrufræðistofnun og Breiðdalssetur og sóttu um 560 gestir





sýninguna yfir sumar- og haustmánuðina, meðal annars leikskólanemar úr Breiðdal, félag eldri borgara í Fjarðabyggð, stjórnmálafólk og hópar erlendra háskólanema. Setrið stóð fyrir Vísindakaffi í tengslum við Vísindavöku Rannís og mæltist það vel fyrir.

Haldið var veglegt málling í apríl undir yfirskriftinni *Ný íslensk bókmenntasaga og arfleifð Stefáns Einarssonar*. Á mállinginu fjölluðu höfundar *Íslenskra bókmennta: sögu og samhengis* (2022) um ritun íslenskrar bókmenntasögu frá ýmsum sjónarhornum og um arfleifð Breiðdælingsins Stefáns Einarssonar prófessors í rannsóknnum á íslenskum bókmenntum.

Uppbygging borkjarnasafns NÍ hélt áfram og náðust miklar framfarir á því sviði í ár. Í febrúar 2022 fór María Helga, umsjónarmaður borkjarnasafnsins, í starfsnám í Þýskalandi á vegum Erasmus+ og kynnti sér starfsemi safns International Ocean Discovery Program við Háskólann í Bremen og safns Þýska sambandslýðveldisins við Stofnun um jarðvísindi og hráefni (Bundesanstalt für Geowissenschaften und Rohstoffe) í Berlín. Ferðin nýttist til að afla upplýsinga um innviði og starfshætti borkjarnasafna í fremstu röð.

Á árinu fór töluverð vinna í að greina starfsemi borkjarnasafnsins, skilgreina tilgang þess og markmið og móta framtíðarsýn. Settar voru reglur um sýnatöku og útlán úr safninu, sem var mikið framfaraskref. Rannsakendur nýttu sér borkjarna úr 46 borholum á árinu, ýmist með sýnatöku eða heildstæðri greiningu. Þeirra á meðal var meistaranemi við University

College London, Dani Davis, sem dvaldi við borkjarnasafnið í viku í júlí-mánuði og vann að þróun algríms til að áætla lekt bergs út frá háskerpu-myndum af borkjörnum.

Haustið 2022 hófust umfangsmiklar viðhaldsframkvæmdir við húsnæði borkjarnasafnsins. Skipt var um rafmagnstöflu og ljósabúnað, pípu-lagnir endurnýjaðar, útveggur klæddur og hafist handa við að útbúa einangrað, upphitað rými í austurenda hússins fyrir starfsmannaaðstöðu og vinnslustofu. Framkvæmdin var komin vel á veg í árslok.

María Helga tók þátt í tveimur rannsóknaverkefnum við NÍ: jarðfræðikortlagningu á Norðausturlandi ásamt Birgi V. Óskarssyni og Robert A. Askew, og rannsókn á myndun síðsteinda í ólíkum bergtegundum í náttúruvættinu á Teigarhorni ásamt Kristjáni Jónassyni. Þá vann hún að uppfærslu [jarðfræðikortasjár NÍ](#) og kom að styrkumsókn EPOS Íslands (European Plate Observing System), sem er eitt af þeim verkefnum sem mynda Vegvísi Rannís um uppbyggingu rannsóknainviða. EPOS er öflug samevrópsk gagnþjónusta sem veitir opinn aðgang að mikilvægum jarðvísindagögnum. Markmiðið er að gagnagrunnur borkjarnasafns NÍ verði samþættur við gagnagrunna EPOS-verkefnisins á árinu 2023.

RITASKRÁ

Kleine B.I., Stefánsson A., Zierenberg R.A., Jeon H., Whitehouse M.J., Jónasson K., Fridleifsson G.Ó. & Weisenberger T.B. (2022) Sulfate (re-)cycling in the oceanic crust: Effects of seawater-rock interaction, sulfur reduction and temperature on the abundance and isotope composition of anhydrite. *Geochimica et Cosmochimica Acta*, 317, 65-90 ([doi: 10.1016/j.gca.2021.10.016](#)).

FYRIRLESTRAR

María Helga Guðmundsdóttir (2022): Borkjarnasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands: Uppbygging og framtíðarsýn. Erindi á Hrafnþingi Náttúrufræðistofnunar Íslands, Garðabæ, 23. nóvember 2022.

SÝNINGAR

María Helga Guðmundsdóttir (2022): Borkjarnar: Skyggst undir yfirborðið. Veggspjaldasýning á Rannsóknasetri HÍ á Breiðdalsvík, opnuð 1. júní.

RITSTJÓRN

María Helga Guðmundsdóttir prófarkalas Skírni, tímarit Hins íslenska bókmenntafélags.

SETA Í STJÓRNUM OG NEFNDUM

María Helga Guðmundsdóttir var varamaður í stjórn Köttlu jarðvangs.





HÁSKÓLI
ÍSLANDS